



Borgarráð

Reykjavík, 8. júlí 2025

MSS25070006

Samningur um rekstrarframlög eigenda til Hörpu tónlistar og ráðstefnuhúss 2026-2030

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagðan samning um rekstrarframlög eigenda, þ.e. íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar, til Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss, árin 2026-2030, en samningurinn hefur verið unnin af eigendanefnd Hörpu. Í grunninn er gert ráð fyrir óbreyttu framlagi borgarinnar og ríkis með fyrirvara um samþykktu fjárhagsáætlun borgarinnar og afgreiðslu fjárlaga ríkisins á hverju ári. Heildarrekstrarframlag ársins 2025 frá báðum eigendum nemur samtals 600 milljónum króna (hlutur borgarinnar er 46%) og myndar það grundvöll samnings þessa. Framlagið skal verðbætt árlega frá 1. janúar 2026 með vísitölu neysluverðs. Grunnvísitala samnings þessa er vísitala júnímánaðar 2024 og skal árlega miða við vísitölu júnímánaðar ár hvert vegna framlaga næsta árs, í fyrsta sinn vísitölu júnímánaðar 2025 vegna framlaga árið 2026.

Greinargerð:

Undanfarna mánuði hefur eigendanefnd Hörpu, skipuð fulltrúum ríkisins (mennta-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti) og Reykjavíkurborgar, unnið að samningi um rekstrarframlög eigenda til Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss. Fyrir liggja drög að samkomulagi sem eigendanefndin hefur komið sér saman um og leggur fram. Tilgangurinn með samningnum er að tryggja ákveðinn fyrirsjáanleika í rekstri Hörpu til ársins 2030 sem lengi hefur verið kallað eftir. Í grunninn er gert ráð fyrir óbreyttu framlagi borgar og ríkis með fyrirvara um samþykktu fjárhagsáætlun borgarinnar og afgreiðslu fjárlaga ríkisins á hverju ári.

Heiða Björg Hilmysdóttir
borgarstjóri

Hjálagt: Samningur um rekstrarframlög eigenda, íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar, til Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf., ódags, ásamt viðaukum. Viðaukar 1 og 9 eru trúnaðarmál.

Samningur

um rekstrarframlög eigenda –
íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar til
Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf.

Reykjavík xx.júlí 2025

Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið kt. 7101220830, f.h. íslenska ríkisins, Reykjavíkurborg kt. 5302697609, í samningi þessum nefndir „eigendur“, og Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf. kt. 6608051250, hér eftir nefnd „Harpa“, gera með sér svohljóðandi samning um starfsemi, viðhald og rekstur Hörpu.

1. Markmið

- 1.1 Samningur þessi gildir um rekstrarframlög eigenda til Hörpu og hefur það að markmiði að tryggja nauðsynlegt viðhald eigna og að Harpa hafi fjárhagslegar forsendur til að uppfylla menningar- og samfélagslegt hlutverk sitt gagnvart eigendum og almenningi samkvæmt eigendastefnu.
- 1.2 Harpa hefur það skilgreinda hlutverk samkvæmt sérstakri eigendastefnu dags 20. desember 2012 að vera vettvangur fyrir tónlistar- og menningarlíf sem og hvers konar ráðstefnur, fundi og samkomur, innlendar og erlendar. *Sjá viðauka 5.*
- 1.3 Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur fast aðsetur í Hörpu fyrir starfsemi sína og greiðir sanngjarna leigu fyrir aðstöðuna skv. samningi dags. 06.11.2007 ásamt viðauka dags 17. 05.2010. Um rekstur hljómsveitarinnar fer eftir tónlistarlögum nr. 33/2023, sbr. IV. kafla um Sinfóníuhljómsveit Íslands.
- 1.4 Markmið eigenda samkvæmt eigendastefnu eru helst að efla íslenskt tónlistar- og menningarlíf, styrkja stöðu Íslands á sviði ráðstefnuhalds og ferðaþjónustu og stuðla að öflugu mannlífi í miðborginni.
- 1.5 Hlutverk Hörpu samkvæmt eigendastefnu er jafnframt að þjóna sem miðstöð mannlífs fyrir alla landsmenn í miðborg Reykjavíkur og standa opin sem áfangastaður innlendra og erlendra gesta allt árið um kring.
- 1.6 Markmið samnings þessa er jafnframt að tryggja nauðsynlegt viðhald á fastafjármunum Hörpu sem felast í fasteign, glerlistaverki sem umlykur húsið, kerfum og búnaði og stuðla að fjármögnun langtímaáætlana á því sviði.

2. Forsendur samnings

- 2.1 Tónlistar- og ráðstefnuhúsið Harpa hóf starfsemi sína í maí 2011 og er í sameiginlegri eigu íslenska ríkisins (54%) og Reykjavíkurborgar (46%). Opinbert hlutafélag var stofnað um rekstur og starfsemi Hörpu í febrúar 2013.
- 2.2 Sérstakur verkefnasamningur á milli aðila – *Samningur um rekstur og starfsemi Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss* (e. Project Agreement) er í gildi og var hann uppfærður 13. apríl 2013. Kveður samningurinn m.a. á um að íslenska ríkið og Reykjavíkurborg skuldbinda sig til að greiða mánaðarlega af útgefnum skuldabréfum vegna kostnaðar við byggingu tónlistar- og ráðstefnuhússins. Greiðslumiðlunin Hringur ehf. er hluti af samstæðu Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. og hefur þann tilgang einan að miðla umræddum greiðslum sem koma ekki inn í rekstrarreikning Hörpu. Framlag íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar vegna byggingar og

fjármögnunar Hörpu gengur til greiðslu á lántöku og er veðsett á móti skuldum félagsins. Upphafsgreiðslan til Hörpu var í mars 2011 og greiðslu lýkur árið 2046.

- 2.3 Sérstakt rekstrarframlag eigenda samkvæmt samningi þessum skal standa undir kostnaði við rekstur og viðhald fasteignar og búnaðar, auk kostnaðar vegna menningar- og samfélagslegs hlutverks hússins í þágu almennings þar með talið rekstur borgartorgs, sem stendur ekki undir mögulegri tekjuöflun samkvæmt fyrirbyggjandi starfsþáttagreiningu, sbr. grein 2.8.
- 2.4 Rekstrarforsendur Hörpu hafa frá upphafi kallað á aðkomu eigenda félagsins. Allt frá árinu 2013 hefur íslenska ríkið og Reykjavíkurborg lagt Hörpu til sérstakt rekstrarframlag til að tryggja rekstrargrundvöll félagsins, auk þess framlags sem um er getið í grein 2.2. Samkomulag íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar um rekstrarstuðning við Hörpu dags. 6. mars 2013 og viðauki við þann samning frá 23. maí 2017 hafa verið grundvöllur rekstrarframlaga eigenda. Frá árinu 2018 hafa heimildir í fjárlögum íslenska ríkisins og fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar jafnframt verið byggðar á ítarlegri áætlanagerð og upplýsingagjöf um rekstur félagsins til eigendanefndar og eigenda. Framlög eigenda árið 2025 samkvæmt heimildum í fjárlögum ríkisins og fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar munu tryggja rekstrarhæfi félagsins að óbreyttu út árið 2025.
- 2.5 Menningar – og samfélagsleg markmið rækir Harpa einkum með því að leigja út sali, búnað og þjónustu til tónlistarviðburða, Sinfóníuhljómsveitar Íslands og annarrar menningarstarfsemi. Jafnframt heldur Harpa úti lifandi *borgartorgi* í opnum rýmum hússins með fjölbreyttu viðburðahaldi og stendur fyrir samstarfsverkefnum og eigin viðburðum í samræmi við dagskrárstefnu félagsins. Dagskrárstefnan undirstrikar hlutverk hússins sem heimssvið fyrir fyrsta flokks alþjóðlega listviðburði, heimavöllur fyrir íslenska tónlist og opið borgartorg sem rúmar allt litróf samfélagsins; fjölskylduvæna og aðgengilega viðburði, grasrót tónlistarlífs og – náms, margskonar markaði, mót og hátíðir.
- 2.6 Stefna Hörpu til ársins 2030 felur í sér skuldbindingu um að uppfylla menningarlegt og samfélagslegt hlutverk af metnaði eins og rekstrarforsendur leyfa með áherslu á sjálfbærni á öllum sviðum. Framtíðarsýnin ***Harpa ávallt á heimsmælikvarða*** undirstrikar hlutverk hússins í alþjóðlegri samkeppni og markmið um að auka sífellt tækifærin fyrir menningu, atvinnulíf og samfélag. Stefnumarkandi áherslur Hörpu næstu fimm árin eru ***skapandi samfélag, táknmynd gæða, mannþætandi upplifun og húsið okkar allra***. Stefnan hefur verið kynnt eigendum ásamt helstu markmiðum og mælikvörðum er snúa að öllum lykilþáttum. *Sjá viðauka 3.*
- 2.7 Harpa vinnur langtímaáætlanir um viðhald og fjárfestingar í tengslum við fasteign og búnað sem lagðar eru fyrir stjórn félagsins til samþykktar og setur sér markmið um að verja árlega að lágmarki 33% af afskriftum til þessa þáttar. *Sjá viðauka 1 og 2.*
- 2.8 Starfsþáttagreining á rekstri Hörpu liggur fyrir og hefur verið kynnt fulltrúum eigenda. Greiningin staðfestir aðskilnað samkeppnisrekstrar frá menningar- og samfélagshluta starfseminnar. Starfsþáttagreiningin varpar jafnframt ljósi á þá starfsþætti sem skapa ekki nægjanlega framlegð af rekstri án stuðnings eigenda. *Sjá viðauka 8.*
- 2.9 Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur verið upplýst um meginforsendur samnings þessa og liggur fyrir staðfesting stofnunarinnar um að efni hans rúmist innan þess svigrúms sem ákvörðun ESA no. 73630 dags. 11. desember 2013 felur í sér varðandi heimild eigenda til að leggja Hörpu til rekstrarstyrk með tilteknum skilyrðum. *Sjá viðauka 7 og 8.*

2.10 Af hálfu íslenska ríkisins er samningur þessi gerður á grundvelli heimildar í 40. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015. Framlagið kemur frá málaflokki 18.20.

2.11 Af hálfu Reykjavíkurborgar er samningur þessi gerður á grundvelli samþykktar í borgarráði, dags. 10. júlí 2025.

3. Hlutverk og ábyrgð

3.1 Harpa starfar í samræmi við lög og reglugerðir sem gilda um umsamda starfsemi og verkefni, en einnig, eftir því sem við á eftir lögum og reglugerðum um rekstur aðila sem kostaðir eru að verulegu eða öllu leyti af framlögum ríkisins og/eða Reykjavíkurborgar.

3.2 Harpa skal hafa kynnt sér lög og reglugerðir sem gilda um starfsemina og verkefni, og skuldbindur sig til að starfa samkvæmt þeim. Vakin er sérstök athygli samningshafa á eftirfarandi lagaákvæðum: lög um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga nr. 46/2016, lög um ársreikninga nr. 3/2006 með síðari breytingum og lög um opinber fjármál nr. 123/2015.

3.3 Harpa skal tryggja að framlagi eigenda sé varið til þeirra starfsþátta og verkefna sem tilgreind eru í forsendum samningsins – þ.e. til að uppfylla menningar- og samfélagslegt hlutverk, í viðhald og endurnýjun fasteignar og búnaðar og rekstur borgartorgs. Harpa skal jafnframt tryggja ábyrga meðferð fjármuna og vandaða upplýsingagjöf til eigenda á vettvangi eigendanefndar.

3.4 Stjórn Hörpu hefur eftirlit með starfsemi og rekstri, samþykkir rekstrar- og fjárfestingaáætlanir og fær mánaðarleg uppgjör til umfjöllunar. Starfsþáttagreining rekstrar er jafnframt lögð ársfjórðungslega fyrir stjórn.

3.5 Eigendanefnd Hörpu er sameiginlegur vettvangur eigenda í málefnum félagsins *sbr. viðauka 6*. Nefndin fær á reglulegum fundum sínum, sem skulu haldnir eigi sjaldnar en tvisvar á ári, greinargerð um rekstur og starfsemi með sérstakri áherslu á framkvæmd samnings þessa og þá starfsþætti sem hann tekur til.

4. Fjármögnun og gildistími

4.1 Á grundvelli samnings þessa munu eigendur leggja fram árlegt rekstrarframlag til Hörpu til næstu fimm ára eða árin 2026 – 2030 með fyrirvara um afgreiðslu fjárlaga ríkisins og fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar.

4.2 Rekstrarframlag ársins 2025 nemur 600 milljónum króna og myndar það grundvöll samnings þessa. Framlagið skal verðbætt árlega frá 1. janúar 2026 með vísitölu neysluverðs. Grunnvísitala samnings þessa er vísitala júnímánaðar 2024 og skal árlega miða við vísitölu júnímánaðar ár hvert vegna framlaga næsta árs, í fyrsta sinn vísitölu júnímánaðar 2025 vegna framlaga árið 2026.

4.3 Á samningstímanum munu samningsaðilar fara yfir þróun launavísitölu og taka afstöðu til þess hvort endurskoða þurfi fjárhæð samningsins í ljósi þess að þróun vísitölunnar hefur veruleg áhrif á útgjöld

Hörpu. Endurskoðun þessari skal lokið fyrir 1. júní 2027 þannig að taka megí tillit til mögulegrar endurskoðunar fyrir fjárlög ríkisins og fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar ársins 2028.

4.4 Eigendur standa undir framlögum í samræmi við eignahlutföll í félaginu.

4.5 Framlagið er greitt með jöfnum mánaðarlegum greiðslum inn á bankareikning Hörpu frá og með undirritun samningsins.

4.6 Fjárhæðir í samningnum eru settar fram með fyrirvara um að lækki fjárheimildir til viðkomandi málefnasviðs eða málaflokks í fjárlögum ríkisins og/eða fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar, skuli samningsaðilar taka upp viðræður um aðlögun samnings að breyttri fjárveitingu. Kunni stjórnvöld að ákveða aðhaldsaðgerðir við samþykkt fjárlaga ríkisins og/eða fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar á Harpa ekki kröfu á ríkissjóð eða rétt á bótum þótt framlag til samningsins verði lækkað eða fellt niður.

5. Vanefndir, vanefndaúrræði og meðferð ágreiningsmála

5.1 Harpa má ekki afhenda, án samþykkis eigenda réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi, eða framselja greiðslur til þriðja aðila.

5.2 Harpa tilkynnir eigendum tafarlaust ef félagið telur vafa leika á um að það geti uppfyllt skyldur samkvæmt samningnum. Jafnframt greinir Harpa frá úrræðum sem félagið hyggst grípa til.

5.3 Efni Harpa ekki samningsskyldur sínar samkvæmt samningi þessum að mati eigendanefndar Hörpu skal senda félaginu skriflegar athugasemdir og veita hæfilegan frest til úrbóta.

5.4 Bæti Harpa ekki úr vanefndum þrátt fyrir ítrekaðar og formlegar athugasemdir af hálfu eigenda er þeim heimilt að rifta samningi þessum án frekari aðgerða eða tilkynninga af sinni hálfu. Riftun skal vera skrifleg og send Hörpu með sannanlegum hætti.

5.5 Efni eigandi ekki samningsskyldur samkvæmt samningi þessum skal félagið senda hlutaðeigandi eiganda skriflegar athugasemdir og veita hæfilegan frest til úrbóta.

5.6 Samningsaðilar munu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.

6. Gildistími og lok samnings

6.1 Samningur þessi tekur gildi 1. janúar 2026 og gildir til og með 31.12.2030. Aðilar skuldbinda sig til að taka afstöðu til framlengingar hans eigi síðar en 1. mars 2029.

6.2 Telji samningsaðilar að forsendur samnings þessa hafi breyst verulega á gildistíma hans geta þeir óskað eftir viðræðum um endurskoðun, hvort sem er einstaka ákvæða eða samningsins í heild, enda séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má.

6.3 Allar breytingar á samningi þessum skulu vera skriflegar og samþykktar af öllum aðilum þessa samnings.

6.4 Öllu framan rituðu til staðfestu rita fulltrúar aðila nöfn sín undir samkomulag þetta, en samninginn má undirrita með fullgildri rafrænni undirritun til samræmis við lög nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti.

Undirritunarsíða

Reykjavík xx. júlí 2025

f.h. menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytis

Logi Einarsson
menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra

f.h. Reykjavíkurborgar

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

f.h. Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf.

Svanhildur Konráðsdóttir
forstjóri

Staðfest f.h. fjármála- og efnahagsráðuneytis

Daði Már Kristófersson
fjármála- og efnahagsráðherra

Fylgiskjöl

Viðauki 1

Fimm ára áætlun Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. 2025-2029.

Viðauki 2

Ársreikningur samstæðu Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. 2024.

Viðauki 3

Stefna Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. 2025-2030.

Viðauki 4

Árs- og sjálfbærniskýrsla Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. 2024.

Viðauki 5

Eigendastefna Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf.

Viðauki 6

Verklagsreglur eigendanefndar Hörpu.

Viðauki 7

Minnisblað Hörpu til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) dags 24.02.2025.

Viðauki 8

**Minnisblað BSS - skrifstofa viðskipta og markaða, atvinnuvegaráðuneytið.
Langtímasamningur við Hörpu um rekstrarframlag – óformlegt mat ESA dags. 20. maí 2025.**

Viðauki 9

Starfsþáttgreining á rekstri Hörpu 2024.

Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf.

Ársreikningur samstæðu 2024

Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf.

Kennitala 660805-1250

Austurbakka 2, 101 Reykjavík

Efnisyfirlit

bls.

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra	2 - 5
Áritun óháðs endurskoðanda	6 - 8
Rekstrarreikningur	9
Efnahagsreikningur	10-11
Sjóðstreymi	12
Skýringar	13 - 25

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Meginstarfsemi

Hlutverk Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. (Harpa) er að vera vettvangur fyrir tónlistar- og menningarlíf sem og hvers konar ráðstefnur, fundi og samkomur, innlendar sem erlendar. Harpa og dótturfélög (samstæðan) annast eignarhald og rekstur tónlistar- og ráðstefnumiðstöðvarinnar Hörpu við Austurhöfn í Reykjavík, auk tengdrar starfsemi.

Samstæðan og starfsemin á árinu

Rekstur samstæðu Hörpu var í góðu jafnvægi á árinu en flestir tekjupættir fóru fram úr áætlun á sama tíma og tókst að stýra kostnaði með ábyrgum hætti. Mikil gróska var í tónleikahaldi - ekki síst á síðari hluta ársins sem skilar sér í metveldi í miðasölu sem Harpa annast fyrir viðburðarhaldara.

Á árinu 2024 fóru fram 1.411 viðburðir í Hörpu samanborið við 1.398 árið áður. Þar af voru 502 ráðstefnutengdir viðburðir en það eru auk ráðstefna m.a. fundir, veislur og móttökur. Fjöldi slíkra viðburða árið áður var 560 og varð því fækkun á milli ára. Fjöldi listviðburða jókst hins vegar frá fyrra ári en þeir voru 879 talsins samanborið við 811 viðburði árið áður. Þar af hélt Sinfóníuhljómsveit Íslands 116 tónleika, opnar æfingar ofl., Íslenska óperan hélt einn viðburð. Tónleikar og listviðburðir á vegum annarra skipuleggjenda voru því alls 762 talsins, þar af var fjöldi leiksýninga af ýmsu tagi 131. Listviðburðum fjölgaði í heild um 11% á milli ára.

Árið einkenndist af mörgum stórviðburðum á tónlistarsviðinu en þ.á.m. má nefna afmælistónleika Víkings Heiðars Ólafssonar auk upphafs tónleikaferðar hans með heimsþíspanistnum Yuja Wang, fyrstu stórtónleika Laufeyjar Lin í Hörpu, viðburði á vegum Listahátíðar í Reykjavík, tónleika SigurRósar og þrenna ólíka tónleika sellóleikarans Yo-Yo Ma, sem kom fram í fyrsta sinn á Íslandi í boði Sinfóníuhljómsveitar Íslands og ráðstefnunnar Arctic Circle.

Á vegum Hörpustrengja má nefna tónleika Bamberg sinfóníuhljómsveitarinnar ásamt einleikaranum Hélène Grimaud og fjölskyldusýningar afríska fjöllistahópsins Kalabante. Aðrir viðburðir Hörpustrengja voru m.a. Upptakturinn - tónsköpunarverðlaun ungs fólks og Upprásin tónleikaröð fyrir grasrót og ungt tónlistarfólk sem hlaut tilnefningu til Íslensku tónlistarverðlaunanna. Viðburðir á vegum Hörpu sniðnir fyrir börn og fjölskyldur voru um 40 talsins auk Klassíska krakkadagsins sem haldinn var í fyrsta sinn og Menningarnætur þar sem um 50 frír og aðgengilegir viðburðir stóðu börnum og fjölskyldum til boða. Heildarfjöldi viðburða sem tengjast barnamenningu var því alls 263 og fjölgaði þeim um 92 á milli ára.

Fjöldi ráðstefna sem haldnar voru í Hörpu var 55, ráðstefnudagar voru 114 talsins og áætlað er að rúmlega 20.000 gestir hafi sótt þessa viðburði. Í samstarfi við Ráðstefnuborgina Reykjavík hjá Íslandsstofu heldur félagið úti markaðsstarfi erlendis með það að markmiði að sækja verðmæta alþjóðlega viðburði til Íslands. Í árslok er bókunarstaða fyrir komandi misseri góð á þessu sviði.

Þau tímamót urðu á árinu að Íslenska óperan lauk starfsemi sinni í Hörpu eftir að hafa verið með fast aðsetur frá opnun hússins. Breytt áform stjórnvalda um umgjörð óperustarfsemi á Íslandi liggja þar til grundvallar en í undirbúningi er að stofna nýja óperu sem eigi áfram meginaðsetur sitt í Hörpu. Á árinu lauk einnig þriggja ára sýningartíma innsetningarinnar Hringáttu en framkvæmdir hófust við að setja upp Volcano Express - nýja upplifunarsýningu sem rekin verður af þriðja aðila á grundvelli langtíma rekstrarleyfissamnings við Hörpu.

Ríflega 228 þúsund aðgöngumiðar voru afgreiddir í gegnum miðasölu Hörpu á árinu samanborið við um 199 þúsund árið 2023. Heildarvelta miðasölu í Hörpu nam um 1.863 milljónum króna samanborið við 1.408 milljónir króna árið 2023.

Mikilvægur áfangi náðist á árinu þegar lokið var við uppsetningu starfspáttagreiningar sem leiðir fram afkomu ólíkra þátta í starfsemi og rekstri félagsins. Greiningin er grundvöllur langtímasamnings við eigendur félagsins en í árslok hófst undirbúningsvinna þar að lútandi í samráði við eigendanefnd Hörpu. Vinnu við fjölmörg umbótaverkefni var haldið áfram s.s. uppsetningu gæðahandbókar, innleiðingu öryggisáætlunar á sviði vinnuverndar, áframhaldandi styrking innra eftirlitsumhverfis í samvinnu við endurskoðunarnefnd, stórbættar aðgangsstýringar að bakhúsi og öðru en almannarýmum Hörpu, endurbætur á þaki auk þess sem fjárfest var áfram í mikilvægri uppfærslu á ýmsum tækniþúnaði í viðburðahaldi. Hafin var greining á efnahagslegu fótspori sem leiðir af starfseminni í Hörpu í samvinnu við Rannsóknarsetur skapandi greina og verða niðurstöðurnar kynntar á aðalfundi félagsins.

Þær breytingar urðu á eignarhaldi stæða í bílakjallara Hörpu að Reykjavík Development ehf. keypti hlut Reykjavíkurborgar - eða alls 125 stæði og eignarhlut sem nemur 22,94% í rekstrarfélaginu Stæði slhf. Tekjur Hörpu af rekstri bílastæða héldu áfram að aukast, sem rekja má til skilvirkara gjaldtökukerfis og gjaldskrárhækkana í samhengi við almenna hækkun á bílastæðum í miðborginni.

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Á árinu 2024 voru 112 einstaklingar á launaskrá hjá samstæðunni og er það fjölgun um 7 frá árinu 2023. Stöðugildum fækkaði hins vegar um 0,4 og voru 51,4 borið saman við 51,8 árið 2023. Fastráðið starfsfólk í lok árs var 44 talsins og skiptist í 18 konur og 26 karla og starfsfólk í tímavinnu í 36 konur og 10 karla. Jafnlaunakerfi Hörpu fékk árlega viðhaldsvottun og félagið fékk viðurkenningu Jafnvægisvogar FKA fyrir árangur í jafnréttismálum. Kynbundinn launamunur heildarlauna var mældur og reyndist hann vera 1,2% konum í vil. Munurinn hækkar lítillega á milli ára en er vel innan markmiða félagsins.

Fjöldi heimsóknna í húsið var rétt rúmlega 1,4 milljónir samkvæmt talningakerfi við innganga en til viðbótar má gera ráð fyrir umtalsverðum fjölda barna sem sækja fjölbreytta barnamenningarviðburði.

Stefnumótun og sjálfbærni

Stefna Hörpu var uppfærð á árinu með þátttöku allra helstu haghafa eða á annað hundrað manns. Ný stefna gildir frá 2025 – 2030 og miðar sem fyrr að því að Harpa sé ávallt á heimsmaelikvarða og gegni því hlutverki að skapa efnahagsleg, menningarleg og samfélagsleg verðmæti fyrir eigendur sína. Stefnumarkandi áherslur og skýr markmiðasetning fela í sér aukna áherslu á sjálfbærni á öllum sviðum og eru þær eftirfarandi: Skapandi samfélag, táknmynd gæða, mannbætandi upplifun og húsið okkar allra. Undirstefnur Hörpu sem taka til lykilverkefna og einstakra málaflokka í starfseminni eru mannréttinda- og jafnlaunastefna, umhverfis- og loftslagstefna, samgöngustefna, stefna um persónuvernd, upplýsingaöryggi og gagnavernd, vinnuvernd og öryggisstefna, þjónustustefna, dagskrárstefna, innkaupastefna, varnir gegn peningabætti og vernd uppljóstrara, samskiptasáttmáli og siðareglur fyrir stjórn og starfsfólk auk þess sem á árinu var lagður grunnur að siðareglum fyrir birgja og innleiðingu ákvæða um mannréttindi í staðlaða samninga sem Harpa gerir við viðburðahaldara. Gilda stefnurnar um öll félög samstæðunnar eftir því sem á við miðað við eðli starfseminnar og eru flestar birtar á vefsvæði félagsins.

Harpa starfar í samræmi við skýr markmið um samfélagsábyrgð og endurspeglast þessi áhersla enn betur í uppfærðri stefnu sem stuðlar sérstaklega að fimm sjálfbærnimarkmiðum Sameinuðu þjóðanna - en þau eru (3) Heilsa og vellíðan, (5) Jafnrétti kynjanna, (8) Góð atvinna og hagvöxtur, (9) Nýsköpun og uppbygging og (13) Aðgerðir í loftslagsmálum. Önnur árs- og sjálfbærniskýrsla félagsins var kynnt á aðalfundi 2024 ásamt UFS mælikvörðum. Uppfærð stefna og aðgerðaáætlun henni tengd styrkar stoðir fyrir áframhaldandi árangur á komandi árum. Vísað er í árs- og sjálfbærniskýrslu 2024 hvað varðar nánari upplýsingar um aðgerðir og markmið félagsins á þessu sviði.

Rekstur samstæðunnar á árinu

Rekstrarhagnaður samstæðunnar fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) var 300,6 milljónir króna árið 2024, samanborið við 197,6 milljónir króna árið 2023. Tekjur af starfseminni hækka um 11,8% á milli ára og námu 1.858,9 milljónum króna samanborið við 1.663 milljónir króna árið 2023. Rekstrarframlög eigenda, íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar eru óbreytt á milli ára og námu 601 milljón króna. Rekstrartekjur með framlögum eigenda námu því samtals 2.491,4 milljónum króna og hækkuðu um 8,6%.

Húsnæðiskostnaður var alls 814,5 milljónir króna og hækkaði um 24,1 milljónir króna eða 3,1% á milli ára. Hlutur fasteignagjalda í húsnæðiskostnaði nam 333,8 milljónum króna og lækkaði um 3 milljónir á milli ára. Laun og launatengd gjöld voru 728,9 milljónir króna, hækkuðu um 23,9 milljónir króna milli ára eða 3,4%. Annar rekstrarkostnaður nam 647,4 milljónum króna í samanburði við 600,8 milljónir árið 2023 og hækkaði því um 7,8%. Stærsti hluti annars rekstrarkostnaðar er aðkeypt þjónusta vegna viðburðahalda eða 324,4 milljónir. Rekstrargjöld samstæðunnar námu alls 2.190,8 milljónum króna og hækkuðu um 4,5% sem verður að teljast mjög góður árangur í ljósi þess að viðburðahald var töluvert umfangsmeira en árið 2023.

Tap að fjárhæð 13,8 milljónir króna varð af heildarstarfsemi samstæðunnar á árinu að teknu tilliti til tekjuskatts, afskrifta og fjármagnsliða samanborið við 65,4 milljóna króna tap á árinu 2023. Eigið fé samstæðunnar nam 10.757,2 milljónum króna í árslok 2024 og er eiginfjárlutfallið 30%.

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Fjárhagleg staða samstæðunnar

Rekstrarforsendur Hörpu hafa frá upphafi kallað á aðkomu eigenda félagsins. Allt frá árinu 2013 hefur íslenska ríkið og Reykjavíkurborg lagt Hörpu til rekstrarframlag og hefur það verið forsenda þess að rekstur félagsins gangi. Skýringarnar eru meðal annars há fasteignagjöld, kostnaðarsamt viðhald fasteignar og búnaðar auk menningar- og samfélagslegs hlutverks hússins í þágu almennings. Samkomulag íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar um rekstrarstuðning við Hörpu dags. 6. mars 2013 og viðauki við þann samning frá 23. maí 2017 hafa verið grundvöllur framlaga eigenda. Frá árinu 2018 hafa heimildir í fjárlögum ríkisins og fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar jafnframt verið byggðar á ítarlegri áætlanagerð og upplýsingagjöf um rekstur félagsins til eigendanefndar og eigenda. Framlög eigenda árið 2025 samkvæmt heimildum í fjárlögum ríkisins og fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar munu tryggja rekstrarhæfi félagsins að óbreyttu út árið 2025. Vinna við undirbúning langtímasamnings aðila um rekstur og starfsemi Hörpu er hafin og stefnt að því að samningur liggi fyrir áður en fjárlög ríkisins og fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fara til umfjöllunar og afgreiðslu á árinu 2025.

Máli Íslenskra aðalverktaka hf. („ÍAV“) gegn Hörpu og Situs ehf. in solidum vegna stýriverktöku lauk á árinu og hafði ekki áhrif á ársreikninga Hörpu. Sjá nánari umfjöllun í skýringu 13.

Jöfnun taps

Stjórnin vísar til ársreikningsins varðandi jöfnun taps. Stjórnin leggur til að arði verði ekki úthlutað.

Eignaraðild

Engin breyting varð á eignarhaldi móðurfélags samstæðunnar á árinu sem er að 54% hluta í eigu íslenska ríkisins og 46% hluta í eigu Reykjavíkurborgar.

Fjárhagsleg áhættustjórnun

Helstu fjárhagslegu áhættuþættir samstæðunnar eru lausafjár-, útlána- og vaxta- og verðtryggingaráhætta. Umfjöllun um fjárhagslega áhættustjórnun og áhættuþætti er að finna í skýringu 15.

Stjórnarhættir

Stjórn Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss leitast við að viðhalda góðum stjórnarháttum og að fylgja uppfærðum „Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja“ sem Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq Iceland og Samtök atvinnulífsins gáfu út 2021. Stjórn Hörpu hefur sett sér starfsreglur þar sem valdsvið hennar er skilgreint og verksvið gagnvart forstjóra. Í starfsreglum stjórnar er meðal annars að finna reglur um fundarsköp, reglur um þagnarskyldu, upplýsingagjöf forstjóra gagnvart stjórn og fleira. Reglurnar eru aðgengilegar á heimasíðu félagsins ásamt siðareglum stjórnar og starfsfólks. Stjórn hefur jafnframt sett starfskjarastefnu sem birt er á heimasíðu félagsins. Stjórn samstæðunnar ákveður starfskjör forstjóra. Fundir stjórnar á árinu voru 10 talsins.

Stjórnin er nú skipuð þremur körlum og tveimur konum, kynjahlutföll eru því 60% karlar og 40% konur.

Undirnefndir

Tvær undirnefndir stjórnar eru starfandi hjá Hörpu sem eru endurskoðunarnefnd og dagskrárráð. Stjórn Hörpu skipaði á fyrsta fundi sínum að loknum aðalfundi þrjá einstaklinga í endurskoðunarnefnd. Í nefndinni sitja nú einn aðili óháður félaginu og tveir fulltrúar stjórnar. Aðalhlutverk endurskoðunarnefndar er að veita Ríkisendurskoðun umsögn um val á ytri endurskoðanda félagsins, meta eftirlitsumhverfi félagsins og fyrirkomulag áhættustýringar og áhættueftirlit, meta virkni innra eftirlits sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings og fjárhagslegra upplýsinga og hafa eftirlit með hlífni félagsins við lög og reglur. Meðal annarra verkefna nefndarinnar er að yfirfara fjárhagsupplýsingar og fyrirkomulag upplýsingagjafa frá stjórnendum og ytri endurskoðendum og að staðreyna að upplýsingar sem stjórnin fær um rekstur, stöðu og framtíðarhorfur félagsins séu áreiðanlegar og gefi sem gleggsta mynd af stöðu félagsins á hverjum tíma. Endurskoðunarnefnd hélt sex fundi á árinu. Dagskrárráð er skipað fjórum aðilum eftir tilnefningar frá fagfélögum á sviði tónlistar. Hlutverk þess er að vera ráðgefandi við val á eigin viðburðum og framkvæmd dagskrárstefnu Hörpu. Dagskrárráð hélt þrjá formlega fundi á árinu og var nýtt ráð skipað í árslok sem starfar til næstu tveggja ára.

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Eigendastefna

Harpa starfar í samræmi við sértæka eigendastefnu sem sett var árið 2012. Að auki gilda almenn eigendastefna ríkisins fyrir félög í eigu ríkisins, útgefin í september 2021 og almenn eigendastefna Reykjavíkurborgar, samþykkt í borgarstjórn 3. maí 2022. Í eigendastefnunum er m.a. fjallað um stjórnun og skipulag, stjórnarhætti, stefnumótun og framtíðarsýn, rekstur félags, starfshætti og vinnulag, upplýsingagjöf, árangursmælingar og samskipti við fulltrúa eigenda. Eigendanefnd Hörpu er skipuð sex fulltrúum, þremur frá hvorum eiganda og er meginhlutverk hennar að vera vettvangur upplýsingamiðlunar og samræma sjónarmið eigenda í málefnum félagsins.

Staðfesting stjórnar og forstjóra

Það er álit stjórnar og forstjóra samstæðunnar að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samstæðunnar í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun samstæðunnar, komi fram í ársreikningnum.

Stjórn Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. og forstjóri staðfesta hér með ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2024 með áritun sinni.

Reykjavík, 6. mars 2025

Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir
stjórnarformaður

Árni Geir Pálsson
varaformaður

Hrönn Greipsdóttir
stjórnarmaður

Jón Þorvarður Sigurgeirsson
stjórnarmaður

Gunnar Sturluson
stjórnarmaður

Svanhildur Konráðsdóttir
forstjóri

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. og dótturfélaga (samstæðan) fyrir árið 2024, að undanskilinni skýrslu og áritun stjórnar og forstjóra.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2024, efnahag hennar 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Álit okkar er í samræmi við skýrslu okkar til endurskoðunarnefndar og stjórnar.

Samstæðuársreikningurinn innifelur:

- Skýrslu og áritun stjórnar og forstjóra.
 - Rekstrarreikning fyrir árið 2024.
 - Efnahagsreikning þann 31. desember 2024.
 - Sjóðstreymi fyrir árið 2024.
 - Skýringar sem innifela mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.
- Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra er undanskilin endurskoðun, samanber kafla um aðrar upplýsingar.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda.

Óhæði

Við erum óháð samstæðunni samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi samstæðunnar. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Samkvæmt okkar bestu vissu, lýsum við yfir að önnur þjónusta sem við höfum veitt samstæðunni og félögum innan hennar er í samræmi við ákvæði íslenskra laga og reglna og að við höfum ekki veitt þjónustu sem óheimilt er að veita samkvæmt ákvæðum 5.1. gr. Evrópureglugerðar nr. 537/2014.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Lykilatriði endurskoðunarinnar

Lykilatriði endurskoðunarinnar eru þau atriði sem að okkar faglega mati höfðu mesta þýðingu í endurskoðun okkar á ársreikningi samstæðunnar árið 2024. Sem hluti af endurskoðun okkar á ársreikningnum voru þessi lykilatriði skoðuð sérstaklega. Við látum ekki í ljós sérstakt álit varðandi þessi lykilatriði, einungis er látið í ljós álit á ársreikningnum í

Lykilatriði endurskoðunarinnar

Við höfum ekki skilgreint nein lykilatriði endurskoðunar sem upplýsa þarf um í áritun okkar.

Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla stjórnar

Stjórn og forstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra sem lá fyrir við áritun okkar.

Álit okkar á samstæðuársreikningnum nær ekki til annarra upplýsinga, þ.m.t. skýrslu stjórnar og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi samstæðunnar ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar, sem tilgreindar eru hér að ofan, þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við samstæðuársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrslu og áritun stjórnar og forstjóra höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í samstæðuársreikningnum.

Áritun óháðs endurskoðanda

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á samstæðuársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins ber stjórnendum samstæðunnar að meta hæfi hennar til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning samstæðunnar á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa samstæðuna upp eða hætta rekstri hennar, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi samstæðunnar. Stjórnendum samstæðunnar ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi hennar til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á samstæðuársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu samstæðuársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits samstæðunnar.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi samstæðunnar eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi hennar. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í samstæðuársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að samstæðan verði ekki lengur rekstrarhæf.

Metum framsetningu, gerð og innihald samstæðuársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Öflum nægjanlegra endurskoðunargagna vegna fjárhagsupplýsinga félaga og eininga innan samstæðunnar og gefum út álit á samstæðuársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar. Við berum ábyrgð á álit okkar.

Áritun óháðs endurskoðanda

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Við höfum lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við uppfyllum nauðsynleg siðferðis- og óhæðisskilyrði og við munum láta þeim í té allar upplýsingar um hugsanleg tengsl og önnur atriði sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og trúnað.

Við höfum lagt mat á hvaða atriði, af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, höfðu mesta þýðingu á yfirstandandi ári og eru það lykilatriði endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum lykilatriðum í áritun okkar nema lög og reglur leyfi ekki að upplýst sé opinberlega um tiltekin atriði eða í algjörum undantekningartilfellum þegar mat okkar er að neikvæðar afleiðingar af birtingu slíkra upplýsinga vegi þyngra en ávinningur almennings af birtingu upplýsinganna.

Önnur atriði samkvæmt ákvæðum laga og reglna

Kosning endurskoðanda

Við vorum fyrst tilnefnd sem endurskoðendur félagsins af ríkisendurskoðun sbr. 7. gr. laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Við höfum annast endurskoðun samstæðunnar, í umboði ríkisendurskoðanda, samfellt frá og með árinu 2006.

Reykjavík, 6. mars 2025

PricewaterhouseCoopers ehf.

Valgerður Kristjánsdóttir
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2024

		Samstæða	
	Skýr.	2024	2023
Rekstrartekjur			
Tekjur af starfsemi	2	1.858.898	1.663.020
Rekstrarframlag frá eigendum	2,11	601.000	601.000
Tekjufærður mismunur vegna fjármögnunarsamnings	2,11	31.530	29.642
		<u>2.491.427</u>	<u>2.293.662</u>
Rekstrargjöld			
Húsnæðiskostnaður	3	814.537	790.387
Laun og launatengd gjöld	3	728.880	704.889
Annar rekstrarkostnaður	3	647.398	600.813
		<u>2.190.816</u>	<u>2.096.089</u>
Rekstrarhagnaður (EBITDA)		300.612	197.572
Afskriftir og virðisrýrnun	5,6	431.083	397.056
Rekstrartap fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		(130.471)	(199.484)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxta- og verðbótatekjur	4	2.008.499	2.624.981
Vaxtagjöld og verðbætur		(1.895.467)	(2.514.789)
Gengismunur		(367)	446
		<u>112.665</u>	<u>110.638</u>
Tap fyrir skatta		(17.806)	(88.845)
Reiknaður tekjuskattur	12	4.012	23.386
Tap ársins		<u>(13.795)</u>	<u>(65.459)</u>
Afkoma skiptist á eftirfarandi hátt:			
Eigendur félagsins	9	(15.686)	(67.863)
Hlutdeild minnihluta	9	1.891	2.404
		<u>(13.795)</u>	<u>(65.459)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

Eignir	Skýr.	Samstæða	
		31.12.2024	31.12.2023
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir:			
Hugbúnaður	5	4.276	6.508
Efnislegar eignir			
Fasteignir og lóðir		8.590.607	8.694.255
Innréttingar, áhöld og tæki		2.244.767	2.207.797
	6	<u>10.835.373</u>	<u>10.902.052</u>
Fjáreignir:			
Langtímafjáreign	7	22.886.304	22.572.983
Fastafjármunir samtals		33.725.953	33.481.544
Veltufjármunir			
Næsta árs afborganir langtímafjáreignar	7	763.535	703.388
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	8	134.294	285.627
Handbært fé		1.401.778	1.161.269
		<u>2.299.607</u>	<u>2.150.284</u>
Eignir samtals		<u><u>36.025.560</u></u>	<u><u>35.631.828</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

		Samstæða	
Eigið fé og skuldir	Skýr.	31.12.2024	31.12.2023
Eigið fé			
Hlutfé		3.782.326	3.782.326
Lögbundinn varasjóður		818.082	818.082
Bundinn hlutdeildarreikningur		121.811	105.714
Óráðstafað eigið fé		6.007.977	6.039.760
		<u>10.730.196</u>	<u>10.745.882</u>
Hlutdeild minnihluta		27.038	25.147
	9	<u>10.757.235</u>	<u>10.771.029</u>
Skuldir			
Skuldbindingar:			
Tekjuskattsskuldbinding	12	1.324.714	1.328.726
Langtímaskuldir:			
Skuldir í íslenskum krónum	10	22.425.033	22.118.163
Langtímaskuldir samtals		23.749.747	23.446.889
Skammtímaskuldir:			
Næsta árs afborganir langtímaskulda	10	748.229	689.303
Óuppgert vegna viðburða		312.882	356.433
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		407.046	311.677
Skuldir við tengda aðila	11	50.422	56.497
		<u>1.518.578</u>	<u>1.413.910</u>
Skuldir samtals		25.268.326	24.860.799
Eigið fé og skuldir samtals		<u>36.025.560</u>	<u>35.631.828</u>
Fjárhagsleg áhættustjórnun	15		
Aðrar upplýsingar	13,14,16		

Sjóðstreymi ársins 2024

		Samstæða	
	Skýr.	2024	2023
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé til rekstrar:			
Tap ársins		(13.795)	(65.459)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir og virðisrýrnun	5,6	431.083	397.056
Verðbótatekjur langtímafjáreignar		(1.096.539)	(1.752.745)
Verðbætur langtímalána og dreifing lántökugjalda og yfirverðs		1.074.259	1.711.619
Reiknaður tekjuskattur	12	(4.012)	(23.386)
		<u>390.996</u>	<u>267.085</u>
Lækkun rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		151.333	178.182
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		<u>51.817</u>	<u>(382.214)</u>
		<u>203.151</u>	<u>(204.032)</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>594.147</u>	<u>63.053</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð efnislegra eigna	6	(362.171)	(147.972)
Afborganir langtímafjáreignar		<u>723.072</u>	<u>656.148</u>
		<u>360.900</u>	<u>508.175</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímalána		(708.463)	(660.058)
Breyting skammtímalána frá tengdum aðilum	11	(6.075)	9.378
		<u>(714.537)</u>	<u>(650.680)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		240.510	(79.451)
Handbært fé í byrjun árs		<u>1.161.269</u>	<u>1.240.720</u>
Handbært fé í árslok		<u><u>1.401.778</u></u>	<u><u>1.161.269</u></u>
Aðrar upplýsingar			
Mótteknir vextir		916.873	881.130
Greiddir vextir		(820.707)	(794.611)

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf. (Harpa) og dótturfélög (samstæðan) starfa á sviði fasteignastjórnunar og rekstrar.

Hlutverk Hörpu er að sjá um eignarhald og rekstur tónlistar- og ráðstefnumiðstöðvar við Reykjavíkurhöfn. Rekstrarupplýsingar um dótturfélögin eru í skýringu nr. 14.

Harpa, móðurfélag samstæðunnar, er í eigu íslenska ríkisins að 54% hluta og Reykjavíkurborgar að 46% hluta. Aðsetur félagsins er að Austurbakka 2, 101 Reykjavík.

2. Rekstrartekjur

	2024	2023
Tekjur af starfsemi samstæðu Hörpu		
Leigutekjur	218.737	219.834
Viðburðir og ráðstefnur	1.203.308	1.088.335
Rekstrarleyfissamningar	409.583	330.682
Aðrar tekjur	27.269	24.169
	<u>1.858.898</u>	<u>1.663.020</u>
Rekstrarframlag frá eigendum		
Rekstrarframlag frá eigendum	601.000	601.000
Tekjufærður mismunur vegna fjármögnunarsamnings	31.530	29.642
	<u>632.530</u>	<u>630.642</u>

3. Rekstrargjöld

Rekstrargjöld samstæðunnar greinast þannig:

	2024	2023
Húsnæðiskostnaður		
Fasteignagjöld	333.807	336.773
Annar húsnæðiskostnaður	480.730	453.614
	<u>814.537</u>	<u>790.387</u>
	2024	2023
Laun og launatengd gjöld		
Laun	592.053	572.016
Lífeyrissjóðsmótframlag	79.503	76.279
Önnur launatengd gjöld	57.324	56.593
	<u>728.880</u>	<u>704.889</u>

Hjá samstæðunni voru 112 á launaskrá á árinu 2024 í um 51,4 stöðugildum, samanborið við 105 á launaskrá á árinu 2023 í um 51,8 stöðugildum.

Laun, þóknanir og launatengd gjöld stjórnar og forstjóra námu 41,9 milljónum króna á árinu samanborið við 39,9 milljónir króna árið 2023. Þar af voru laun og launatengd gjöld forstjóra 28,9 milljónir króna á árinu 2024 samanborið við 27,6 milljónir króna á árinu 2023.

Samstæðan hefur ekki gert neina samninga við starfsmenn eða stjórnendur um lífeyris- eða eftirlaunagreiðslur.

Skýringar

3. Rekstrargjöld, framhald

	2024	2023
Annar rekstrarkostnaður		
<i>Kostnaður vegna viðburða</i>		
Aðkeypt þjónusta vegna listviðburða og ráðstefna	324.398	334.884
Annar rekstrarkostnaður viðburða	48.365	37.539
Kostnaður tengdur miðakerfi	44.184	34.560
	<u>416.947</u>	<u>406.983</u>
<i>Annar rekstrarkostnaður</i>		
Markaðskostnaður	59.818	60.958
Veittir styrkir	5.194	5.068
Önnur aðkeypt þjónusta	63.731	54.612
Annar rekstrarkostnaður	101.708	73.191
	<u>230.452</u>	<u>193.830</u>
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>647.398</u>	<u>600.813</u>

4. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

	2024	2023
Vaxta- og verðbótatekjur		
Langtímafjáreign	1.902.497	2.534.071
Bankareikningar	78.191	68.367
Aðrir liðir	27.811	22.542
	<u>2.008.499</u>	<u>2.624.981</u>
Vaxtagjöld og verðbætur		
Langtímaskuldir	(1.895.331)	(2.514.772)
Aðrir liðir	(137)	(16)
	<u>(1.895.467)</u>	<u>(2.514.789)</u>
Gengismunur		
Aðrir liðir	(367)	446
Hreinar fjármunatekjur	<u>112.665</u>	<u>110.638</u>

5. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir sem samanstanda af hugbúnaði greinast þannig:	31.12.2024	31.12.2023
Bókfært verð í ársbyrjun	6.508	8.748
Afskriftir ársins	(2.233)	(2.240)
Bókfært verð í árslok	<u>4.276</u>	<u>6.508</u>
Bókfært verð í árslok greinist þannig:		
Kostnaðarverð	11.500	11.500
Afskriftir samtals	(7.224)	(4.992)
Bókfært verð í árslok	<u>4.276</u>	<u>6.508</u>

Skýringar

6. Efnislegar eignir

	Fasteignir og lóðir	Innréttingar, áhöld og tæki	Samtals
Árslok 2023:			
Bókfært verð í ársbyrjun	8.868.864	2.280.032	11.148.896
Viðbót ársins	(25.386)	173.358	147.972
Virðisrýrnun fasteignar	25.386	0	25.386
Afskriftir ársins	(174.609)	(245.592)	(420.201)
Bókfært verð í árslok	8.694.255	2.207.797	10.902.052
Bókfært verð í árslok 2023 greinist þannig:			
Kostnaðarverð	18.088.547	4.037.997	22.126.544
Afskriftir og virðisrýrnun samtals	(9.394.291)	(1.830.200)	(11.224.491)
Bókfært verð í árslok	8.694.255	2.207.797	10.902.052
Árslok 2024:			
Bókfært verð í ársbyrjun	8.694.255	2.207.797	10.902.052
Viðbót ársins	70.961	291.210	362.171
Afskriftir ársins	(174.609)	(254.241)	(428.850)
Bókfært verð í árslok	8.590.607	2.244.767	10.835.373
Bókfært verð í árslok 2024 greinist þannig:			
Kostnaðarverð	18.159.507	4.329.208	22.488.715
Afskriftir og virðisrýrnun samtals	(9.568.901)	(2.084.441)	(11.653.342)
Bókfært verð í árslok	8.590.607	2.244.767	10.835.373
Gjaldfærðar afskriftir í rekstrarreikningi samstæðunnar greinast þannig:		2024	2023
Afskrift efnislegra eigna		428.850	420.201
Virðisrýrnun efnislegra eigna		0	(25.386)
Afskrift óefnislegra eigna (skýring 5)		2.233	2.240
		431.083	397.056

Fasteignamat og vátryggingaverðmæti

Fasteignir samstæðunnar í árslok 2024 voru eftirtaldar:

	Fasteignamat, hús	Fasteignamat, lóð	Brunabótamat	Bókfært verð
Austurbakki 2 (Harpa)	20.112.800	9.967.422	47.454.050	8.590.607

Fasteign samstæðunnar er tryggð húseigendatryggingu fyrir 47.138 milljónir króna og lausafé og búnaður eru vátryggðir fyrir 1.626 milljónir króna.

Veðsetningar

Þinglýst veð og skuldbindingar hvíla á fasteign samstæðunnar til tryggingar skuldum sem námu um 23,2 milljörðum króna í árslok 2024. Til tryggingar skilvísnum og skaðlausum greiðslum eru þinglýst tryggingarbréf með veði í fasteigninni, tónlistarhús 01-0101. Nafnverð tryggingarbréfa nemur 18 milljörðum króna. Tryggingarbréf eru bundin vísitölu neysluverðs og nemur framreiknað verð 33,9 milljörðum króna í árslok 2024. Auk þess eru mánaðarleg framlög frá íslenska ríkinu og Reykjavíkurborg sett að veði til tryggingar á skuldum.

Skýringar

7. Langtímafjáreign

Langtímafjáreign samstæðunnar í efnahagsreikningi byggir á samningi Hörpu annars vegar og íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar hins vegar um starfsemi og rekstur Hörpu, dagsettum þann 12. apríl 2013. Samkvæmt ákvæðum samningsins skuldbinda eigendur Hörpu, íslenska ríkið (54%) og Reykjavíkurborg (46%), sig að greiða fast mánaðarlegt framlag til Hörpu í 35 ár frá 15. mars 2011 að telja. Samningsbundið framlag er verðtryggt í samræmi við vísitölu neysluverðs með grunnvísitöluna 237,4.

Samstæðan færir samningsbundið framlag samkvæmt samningi sem langtímafjáreign í efnahagsreikningi, til mótvægis við langtímaskuld vegna byggingar Hörpu, en framlagið er nátengt þeirri skuld, sjá nánari umfjöllun í skýringu nr. 10. Langtímafjáreignin er framlagið fært til núvirðis með 3,55% vöxtum, sem eru vextir af langtímaláningu. Sjá nánar um árlegar greiðslur samningsbundna framlagsins í skýringu nr. 15.3.

Langtímafjáreign kemur þannig fram í efnahagsreikningi:	31.12.2024	31.12.2023
Langtímafjáreign, meðal fastafjármuna	22.886.304	22.572.983
Næsta árs afborganir langtímafjáreignar, meðal veltufjármuna	763.535	703.388
	<u>23.649.839</u>	<u>23.276.371</u>

Afborganir af langtímafjáreign samstæðunnar í árslok greinast þannig á næstu ár:

	31.12.2024	31.12.2023
Afborganir árið 2024	0	703.388
Afborganir árið 2025	763.535	728.769
Afborganir árið 2026	791.086	755.065
Afborganir árið 2027	819.631	782.310
Afborganir árið 2028	849.206	810.539
Afborganir árið 2029	879.848	839.786
Afborganir árið 2030 og síðar	19.546.534	18.656.515
	<u>23.649.839</u>	<u>23.276.371</u>

Veðsetningar

Þinglýst veð og skuldbindingar hvíla á langtímafjáreign samstæðunnar til tryggingar skuldum sem námu um 23,2 milljörðum króna í árslok 2024. Mánaðarlegt framlag íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar greiðist inn á veðsettan bankareikning dótturfélags Hörpu, Greiðslumiðlunarinnar Hrings ehf., og verða ávallt fyrst nýttar til að greiða mánaðarlegar afborganir af skuldabréfum í skuldabréfaflokki dótturfélagsins, Greiðslumiðlunarinnar Hrings ehf., HARP 46 0217, sem skráður er í Kauphöll Íslands.

8. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímafröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímafröfur greinist þannig hjá samstæðunni:	31.12.2024	31.12.2023
Viðskiptakröfur	99.740	118.960
Kröfur vegna miðasölu	9.892	153.472
Niðurfærsla krafna	(2.185)	(15.632)
Viðskiptakröfur, nettó	<u>107.447</u>	<u>256.799</u>
Aðrar kröfur	26.847	28.828
	<u>134.294</u>	<u>285.627</u>

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímafröfur eru færðar niður til að mæta áhættu sem fylgir kröfueign samstæðunnar. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður niðurfærslureikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast, og er hann dreginn frá eignfærðum viðskipta- og skammtímafröfum í efnahagsreikningi.

Niðurfærsla krafna frá fyrra ári	(15.632)	(58.213)
Breyting á niðurfærslu ársins færð í rekstrarreikning	13.447	42.581
Staða í lok árs	<u>(2.185)</u>	<u>(15.632)</u>

Skýringar

9. Eigið fé

Hlutfé

Hlutfé samstæðunnar nam í árslok kr. 3.782.326.000. Fjöldi hluta er 3.782.326.000, hver að virði 1 króna.

Lögbundinn varasjóður

Fært hefur verið tillag í lögbundinn varasjóð sem nemur 21,63% af útgefnu hlutfé, í samræmi við ákvæði laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Bundinn hlutdeildarreikningur

Þegar hlutdeildaraðferð er beitt skal taka tillit til rekstrarárangurs og annarra breytinga á eigin fé dóttur- eða hlutdeildarfélags og færa á bundinn hlutdeildarreikning meðal eiginfjárliða. Sé hlutdeild félagsins í dóttur- eða hlutdeildarfélögum seld eða afskrifuð skal leysa hlutdeildarreikninginn upp og færa breytinguna á óráðstafað eigið fé.

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	31.12.2024	31.12.2023
Hlutfé		
Staða í ársbyrjun	3.782.326	3.782.326
Staða í árslok	3.782.326	3.782.326
Lögbundinn varasjóður		
Staða í ársbyrjun	818.082	818.082
Staða í árslok	818.082	818.082
Bundinn hlutdeildarreikningur		
Staða í ársbyrjun	105.714	87.748
Binding vegna hlutdeildar í dótturfélögum	16.097	17.967
Staða í árslok	121.811	105.714
Óráðstafað eigið fé		
Staða í ársbyrjun	6.039.760	6.125.590
Tap ársins	(15.686)	(67.863)
Binding vegna hlutdeildar í dótturfélögum	(16.097)	(17.967)
Staða í árslok	6.007.977	6.039.760
Eigið fé fyrir hlutdeild minnihluta	10.730.196	10.745.882
Hlutdeild minnihluta		
Staða í ársbyrjun	25.147	22.743
Hlutdeild minnihluta í hagnaði ársins	1.891	2.404
Staða í árslok	27.038	25.147
Eigið fé samtals	10.757.235	10.771.029

Skýringar

10. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir samstæðunnar greinist þannig:

	31.12.2024	31.12.2023
Skuldabréfaútgáfa		
Skuldabréfaflokkur, HARP 46 0217, vextir 3,55%	23.269.268	22.910.207
Lántökukostnaður færður til gjalda á líftíma láns	(96.006)	(102.741)
Langtímaskuldir samtals	<u>23.173.262</u>	<u>22.807.466</u>

Skuldabréfaflokkur er verðtryggður með vísitölu neysluverðs, með grunnvísitöluna 409,9.

Langtímaskuldir samstæðunnar eru allar í íslenskum krónum.

Afborganir af langtímaskuldum samstæðunnar í árslok greinast þannig á næstu ár:

	31.12.2024	31.12.2023
Árið 2024	0	689.303
Árið 2025	748.229	714.165
Árið 2026	775.217	739.924
Árið 2027	803.180	766.613
Árið 2028	832.151	794.265
Árið 2029	862.168	822.819
Árið 2030 og síðar	19.152.318	18.280.377
	<u>23.173.262</u>	<u>22.807.466</u>

Langtímaskuldir að fjárhæð 23.173,3 milljónir króna koma þannig fram í efnahagsreikningi:

Afborganir ársins 2025 / 2024, færðar meðal skammtímaskulda	748.229	689.303
Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar	22.425.033	22.118.163
	<u>23.173.262</u>	<u>22.807.466</u>

Skuldabréfaútgáfa

Skuldabréfaútgáfa, upphaflega að fjárhæð 19.500 milljónir króna, er skuldabréfaflokkur sem skráður er í Kauphöll Ísland, Nasdaq OMX, undir auðkenninu HARP 46 0217. Verðbréfaútgáfan er hjá Greiðslumiðluninni Hring ehf., dótturfélagi Hörpu. Harpa er móttakandi framlags frá Íslenska ríkinu og Reykjavíkurborg sem gengur beint til greiðslu skuldabréfaútgáfunnar. Samkvæmt skilmálum skuldabréfanna er þau verðtryggð með vísitölu neysluverðs og föstum 3,55% vöxtum. Skuldabréfin eru án uppgreiðsluheimildar.

Skuldabréfin greiðast með 394 jöfnum greiðslum (annuitet), sem felur í sér að afborgun nafnverðs fer vaxandi eftir því sem líður á lántímann. Fyrsti gjalddagi var í maí 2013 og síðasti gjalddagi verður þann 15. febrúar 2046.

Áætluð afborgun næsta árs er um 748,2 milljónir króna en áætluð heildargreiðsla lánsins með vöxtum og verðbótum er 1.558,6 milljónir króna á árinu 2025.

Skuldabréfin eru tryggð með veði í framlagi íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar, fyrsta veðrétti í tónlistar- og ráðstefnuhúsinu Hörpu auk handveðsréttar tiltekins bankareiknings samstæðunnar.

Íslenska ríkið (54%) og Reykjavíkurborg (46%) hafa skuldbundið sig til að greiða fasta árlega fjárhæð, sem bundin er vísitölu neysluverðs og er greiðsla vegna kaupa á þeirri þjónustu sem felst í því annars vegar að Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf. eigi tónlistar- og ráðstefnuhús og hins vegar reki aðstöðu í tónlistar- og ráðstefnuhúsinu Hörpu. Framlagið greiðist mánaðarlega í 35 ár frá 15. mars 2011. Framlagið greiðist inn á veðsettan bankareikning Hríngs og er nýtt til að greiða mánaðarlegar afborganir af skuldabréfum í skuldabréfaflokki samstæðunnar.

Skýringar

11. Viðskipti við tengda aðila

Tengdir aðilar samstæðunnar eru hluthafar félagsins, stjórn samstæðunnar, forstjóri og nánir fjölskyldumeðlimir fyrrgreindra aðila. Þessi skilgreining er byggð á ákvæðum í settum reikningsskilareglum. Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

	2024	2023
Rekstrarframlag frá eigendum		
Rekstrarframlag frá íslenska ríkinu	324.000	324.000
Rekstrarframlag frá Reykjavíkurborg	277.000	277.000
	<u>601.000</u>	<u>601.000</u>
Tekjufærður mismunur vegna fjármögnunarsamnings		
Hlutur íslenska ríkisins	17.026	16.006
Hlutur Reykjavíkurborgar	14.504	13.635
	<u>31.530</u>	<u>29.642</u>
Rekstrargjöld til tengdra aðila		
Fasteignagjöld til Reykjavíkurborgar	333.807	336.773
Bílastæðasjóður, húsaleiga og húsaleiguuppgjör	46.797	35.785
	<u>380.604</u>	<u>372.558</u>
Fjármunatekjur frá tengdum aðilum		
Vaxta- og verðbótatekjur frá íslenska ríkinu	1.027.349	1.368.399
Vaxta- og verðbótatekjur frá Reykjavíkurborg	875.149	1.165.673
	<u>1.902.497</u>	<u>2.534.071</u>
	31.12.2024	31.12.2023
Langtímafjáreign á tengda aðila		
Langtímafjáreign á íslenska ríkið	12.358.604	12.189.411
Langtímafjáreign á Reykjavíkurborg	10.527.700	10.383.572
	<u>22.886.304</u>	<u>22.572.983</u>
Næsta árs afborganir langtímafjáreignar á tengda aðila		
Næsta árs afborganir langtímafjáreignar á íslenska ríkið	412.309	379.830
Næsta árs afborganir langtímafjáreignar á Reykjavíkurborg	351.226	323.558
	<u>763.535</u>	<u>703.388</u>
Skammtímaskuldir við tengda aðila		
Skammtímaskuldir við Reykjavíkurborg	27.097	27.097
Skammtímaskuldir við Bílastæðasjóð Reykjavíkurborgar	23.325	29.400
	<u>50.422</u>	<u>56.497</u>

Upplýsingar um launagreiðslur til stjórnenda samstæðunnar er að finna í skýringu nr. 3.

Skýringar

12. Tekjuskattur og tekjuskattseign (tekjuskattsskuldbinding)

Breyting tekjuskattseignar (tekjuskattsskuldbindingar) greinast þannig:

	31.12.2024	31.12.2023
Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun	(1.328.726)	(1.352.112)
Tekjuskattur af reglulegri starfsemi	4.012	23.386
	<u>(1.324.714)</u>	<u>(1.328.726)</u>

Tekjuskattseign (tekjuskattsskuldbinding) greinist þannig á eftirfarandi liði:

	31.12.2024	31.12.2023
Óefnislegar eignir	267	79
Efnislegar eignir	2.285.336	2.282.017
Fjáreignir	(4.729.968)	(4.655.274)
Viðskiptakröfur	437	3.126
Gengismunur	18	(51)
Yfirfæranlegt skattalegt tap	1.260.453	1.336.081
Niðurfærsla yfirfæranlegs skattalegs taps, vegna óvissu um nýtingu	(141.257)	(294.704)
	<u>(1.324.714)</u>	<u>(1.328.726)</u>

Félög innan samstæðunnar greiða engan tekjuskatt á árinu 2025 vegna reksturs ársins 2024 vegna samsköttunaráhrifa og yfirfæranlegs skattalegs taps sem greinist þannig:

	31.12.2024	31.12.2023
Árið 2015, nýtanlegt til ársloka 2025	706.286	706.286
Árið 2016, nýtanlegt til ársloka 2026	418.309	418.309
Árið 2017, nýtanlegt til ársloka 2027	22.870	22.870
Árið 2018, nýtanlegt til ársloka 2028	626.362	626.362
Árið 2019, nýtanlegt til ársloka 2029	462.121	462.121
Árið 2020, nýtanlegt til ársloka 2030	460.530	460.530
Árið 2021, nýtanlegt til ársloka 2031	714.446	714.446
Árið 2022, nýtanlegt til ársloka 2032	1.262.648	1.262.648
Árið 2023, nýtanlegt til ársloka 2033	1.239.600	1.239.600
Árið 2024, nýtanlegt til ársloka 2034	389.090	0
	<u>6.302.263</u>	<u>5.913.173</u>

Skýringar

13. Aðrar upplýsingar

Innskattskvöð

Vegna byggingar tónlistar- og ráðstefnuhúss og bílastæðahúss hvílir á samstæðunni innskattskvöð sem nam um 2.522 milljónum króna í lok ársins. Fyrningartími innskattskvaðarinnar er 20 ár. Innskattskvöðin er háð óvissu sem felst í að útskattur á fyrningartíma nemi hærri fjárhæð en sem nemur framangreindri fjárhæð innskattskvaðar.

Vátryggingar

Samstæðan hefur keypt rekstrarstöðvunartryggingu sem ætlað er að bæta tjón vegna rekstrarstöðvunar á grundvelli skilmála um eignatryggingar. Tryggingarfjárhæðin nemur allt að 935,9 milljónum króna.

Málaferli

I. Uppgjöri lauk á árinu vegna málaferla Íslenskra aðalverktaka hf. („ÍAV“) gegn Hörpu og Situs ehf um að réttur ÍAV til stýriverktöku á byggingu bílastæðahúss undir reitum 1 og 2 á Austurhafnarsvæðinu hafi ekki verið virtur. Eftir að málið hafði verið rekið í gegnum tvö dómstig hlutu Harpa og Situs heimild til að áfrýja dómi Landsréttar frá 3. júní 2022 til Hæstaréttar Íslands, sem viðurkenndi með dómi sínum þann 10. maí 2023 í máli nr. 47/2022, rétt ÍAV til skaðabóta vegna réttinda félagsins til að byggja tiltekin bílastæði. Situs ehf stóð skil á umsömdum bótum enda átti Harpa enga hlutdeild í þeim tekjum sem fengust af sölu byggingarréttar og þar með rétti til stýriverktöku á byggingu bílastæða. Uppgjörið hefur því engin áhrif á ársreikning félagsins.

II. Með stefnu þingfestri 9. september 2021, höfðaði félagið mál á hendur ÍAV vegna galla í þaki fasteignarinnar en ÍAV sá um byggingu Hörpu. ÍAV krefst sýknu af öllum kröfum félagsins. Héraðsdómur varð við kröfu Hörpu um að dómkvaddur matsmaður yrði fenginn til að meta tjón félagsins vegna umræddra galla. Dómsmálið og matið eru í ferli og niðurstaða liggur því ekki fyrir. Samkvæmt núvirtu mati VSB verkfræðistofu mun kostnaður við lagfæringar nema um 316 milljónum króna.

Þóknun endurskoðenda

Þóknun til endurskoðenda greinist þannig:

	2024	2023
Endurskoðun	7.214	6.925
Önnur þjónusta	28	0
	<u>7.244</u>	<u>6.927</u>

14. Dótturfélög og samstæðureikningsskil

Í lok ársins eru dótturfélög sem innifalin eru í samstæðureikningsskilunum þessi:

Nafn	Starfsemi og eignarhlutur	Afkoma 2024	Eigið fé 31.12.2024
Greiðslumiðlunin Hringur ehf.	Lántaka vegna byggingar 100%	402	2.924
Rekstrarfélagið Stæði slhf.	Rekstur bílastæðahúss 77,1%	8.245	90.828
Rekstrarfélagið Hörpustrengir ehf.	Skipulagning viðburða 100%	9.342	71.579

Lögheimili allra ofangreindra dótturfélaga er að Austurbakka 2, 101 Reykjavík.

Skýringar

15. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Stjórn samstæðunnar ber ábyrgð á að innleiða og hafa eftirlit með áhættustýringu hennar. Stjórnin hefur falið forstjóra umsjón með daglegri áhættustýringu samstæðunnar.

15.1 Áhættustjórnun fjármögnunar

Markmið samstæðunnar við stjórnun fjármögnunar er að tryggja að framlag íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar standi undir afborgunum og vöxtum af lántökum. Ekki er ætlast til að samstæðan skili arðsemi til hluthafa.

Fjármögnun samstæðunnar sundurliðast með eftirfarandi hætti:	31.12.2024	31.12.2023
Lántökur í lok árs	23.173.262	22.807.466
Fráðregið: handbært fé	(1.401.778)	(1.161.269)
Lántökur nettó	21.771.484	21.646.198
Eigið fé	10.757.235	10.771.029
Fjármögnun samtals	32.528.718	32.417.227

15.2 Útlánaáhætta

Útlánaáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar.

Samstæðan metur tapsáhættu af kröfum og færir niðurfærslu á móti mögulegu tapi slíkra krafna ef slíkt á við.

Mesta mögulega tap vegna lánsáhættu án tillits til veða er bókfært verð allra fjáreigna samstæðunnar.

15.3 Lausafjáráhætta

Lausafjáráhætta er hættan á því að samstæðan geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Fjárhagsskuldbindingar samstæðunnar felast fyrst og fremst í skuldabréfaútgáfu frá árinu 2013, en samningar samstæðunnar ganga út frá að alltaf sé til laust fé til greiðslu skuldarinnar. Fyrir liggur samningur til 35 ára við íslenska ríkið og Reykjavíkurborg um framlög sem ganga til greiðslu langtímalánsins.

Taflan hér að neðan greinir skuldir samstæðunnar í flokka eftir gjalddögum þeirra. Fjárhæðir í töflunni vegna greiðslustreymis eru ónúvirtar samningsbundnar greiðslur afborgana og vaxta. Skuldir á gjalddaga innan 12 mánaða frá dagsetningu efnahagsreiknings eru á bókfærðu verði þar sem áhrif núvirðingar eru óveruleg.

	Bókfært verð	Greitt innan 12 mánaða	Greitt seinna en eftir 12 mánuði	Samtals
Staða 31. desember 2024				
Langtímaskuldir (skuldabréfaútgáfa)	23.173.262	1.558.621	31.432.181	32.990.801
Skuldir við tengda aðila	50.422	50.422	0	50.422
Aðrar skammtímaskuldir	719.927	719.927	0	719.927
	<u>23.943.612</u>	<u>2.328.970</u>	<u>31.432.181</u>	<u>33.761.151</u>
Staða 31. desember 2023				
Langtímaskuldir (skuldabréfaútgáfa)	22.807.466	1.487.651	31.488.621	32.976.272
Skuldir við tengda aðila	56.497	56.497	0	56.497
Aðrar skammtímaskuldir	668.110	668.110	0	668.110
	<u>23.532.073</u>	<u>2.212.258</u>	<u>31.488.621</u>	<u>33.700.879</u>

Eftirfarandi er greining á afborgunum íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar til samstæðunnar vegna langtímafjáreignar. Afborganirnar samanstanda af afborgunum verðbættis höfuðstóls og vaxta. Fjárhæðir eru ónúvirtar miðað við verðlag í árslok 2024.

	Innborganir ársins	Innborgað innan 12 mánaða	Innborgað eftir 12 mánuði	Samtals
Staða 31. desember 2024				
Framlag eigenda	1.560.559	1.590.760	32.080.333	33.671.093
Staða 31. desember 2023				
Framlag eigenda	1.467.115	1.518.328	32.137.936	33.656.264

Framlag eigenda í töflunni hér að framan er í samræmi við ákvæði samnings um rekstur og starfsemi Hörpu milli Hörpu annars vegar og eigendanna, íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar, hins vegar.

Skýringar

15. Fjárhagsleg áhættustjórnun, framhald

15.4 Vaxtaáhætta

Verðbréfaútgáfa dótturfélagsins er á föstum vöxtum þannig að hún og samstæðan býr ekki við vaxtaáhöttu af henni. Með breytingu á reikningsskilaaðferðum þar sem samningur Hörpu annars vegar og íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar hins vegar var færður sem langtímafjáreign þá býr samstæðan hvorki við vaxta- né verðtryggingaráhöttu þar sem bæði langtímafjáreignin og verðbréfaútgáfan eru vísitölutengdar og bera sömu 3,55% fasta vexti.

15.5 Gjaldmiðlaáhætta

Gjaldmiðlaáhætta samstæðunnar er óveruleg og tengist einkum viðskiptum við erlenda viðburðahaldara og listamenn.

16. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

16.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settur fram þúsundum íslenskra króna. Ársreikningurinn er gerður á grundvelli kostnaðarverðs. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem eru þær sömu og árið á undan.

Við gerð reikningsskila þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu. Mat og forsendur eru í stöðugri þróun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

16.2 Fjárhagsleg staða og rekstrarhæfi samstæðunnar

Umfjöllun um fjárhagslega stöðu samstæðunnar er að finna í skýrslu stjórnar og forstjóra en þar kemur fram að samstæðan sé rekstrarhæf. Ársreikningurinn er lagður fram á þeim grundvelli.

16.3 Samstæðureikningur

Félög sem innifalin eru í samstæðunni uppfylla þau skilyrði að móðurfélagið eða önnur félög innan samstæðunnar hafa yfir að ráða meira en helming af atkvæðavægi innan viðkomandi félags eða hefur á annan hátt vald til þess að hafa veruleg áhrif á stjórnun þess. Dótturfélög eru færð í samstæðureikning frá þeim degi sem stjórnun félaga færast til samstæðunnar og til þess dags sem stjórnun er ekki lengur í höndum hennar. Ársreikningur samstæðunnar er gerður með þeim hætti að lagðir eru saman sambærilegir liðir eigna, skulda, tekna og gjalda úr ársreikningum einstakra félaga í samstæðunni en öllum innbyrðis viðskiptum, inneignum, skuldum og óinnleystum hagnaði er eytt í samstæðunni.

Í móðurfélagsreikningi eru færð afkomuáhrif dótturfélaga miðað við hlutdeild móðurfélags í eigin fé viðkomandi dótturfélaga. Hlutdeild í tapi dótturfélaga er fært á móti eignarhlut í viðkomandi dótturfélagi að því marki að bókfært verð eignarhlutar verði ekki neikvætt. Ef hlutdeild í tapi er hærri þá færast það á móti kröfu móðurfélagsins á dótturfélagið að því marki sem krafan dugar á móti gjaldfærslunni. Hlutdeild í tapi umfram það er ekki fært nema talið sé að móðurfélagið þurfi að bera skuldbindingar dótturfélagsins.

16.4 Innlausn tekna

Tekjur í rekstrarreikningi samanstanda annars vegar af tekjum af starfsemi samstæðu Hörpu og hins vegar af rekstrarframlögum frá íslenska ríkinu og Reykjavíkurborg.

Tekjur af starfsemi samstæðu Hörpu samanstanda af seldri þjónustu, útleigu aðstöðu og umboðslaunum vegna viðburða á borð við tónleika og ráðstefnur. Tekjur af veittri þjónustu vegna starfsemi í Hörpu eru færðar þegar unnið er til þeirra. Tekjur vegna rekstrarframlaga frá íslenska ríkinu og Reykjavíkurborg eru færð á grundvelli samninga þar um eða þegar íslenska ríkið hefur staðfest það í fjárlögum og Reykjavíkurborg í fjárhagsáætlun.

Skýringar

16. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir, framhald

16.5 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnstæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Vaxtagjöld eru gjaldfærð þegar þau falla til.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ÍSK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok.

16.6 Verð- eða gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2025. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikningi.

16.7 Óefnislegar eignir

Hugbúnaður

Kostnaður sem verður til við þróun og viðhald hugbúnaðar er gjaldfærður þegar hann verður til. Kostnaður sem beint tengist sérstökum hugbúnaði sem samstæðan á og mun líklega njóta ávinnings af umfram kostnað, þegar til lengra tíma er litið, er eignfærður sem óefnisleg eign. Beinn kostnaður í þessu sambandi er kostnaður starfsmanna sem starfa við verkefnið og ákveðin hlutdeild í óbeinum kostnaði.

Kostnaður sem fellur til síðar vegna hugbúnaðar er aðeins eignfærður þegar hann eykur þann efnahagslega framtíðar ávinning sem felst í þeirri tilteknu eign sem hann tengist. Allur annar kostnaður er gjaldfærður þegar til hans er stofnað. Hugbúnaður er gjaldfærður á áætluðum nýtingartíma en að hámarki á 4 árum.

16.8 Efnislegar eignir

Efnislegar eignir eru tilgreindar á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun þar sem við á.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til þess að gjaldfæra mismun á kostnaðarverði eða endurmetnu verði og hrakvirði á áætluðum endingartíma eignanna sem hér segir:

Fasteignir	50 ár
Innréttingar, áhöld og tæki	4-30 ár

Færð er virðisrýrnun á eignir ef bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra en þá eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð eða í tekjuvirði eignanna.

Tvær breytingar hafa átt sér stað á endurheimtanlegu verði fasteignarinnar:

Annars vegar á árinu 2009 þegar breytingar voru gerðar á fjárhagslegri skipan samstæðunnar sem leiddi til þess að endurheimtanlegt verð lækkaði og var bókfært verð byggingarkostnaðar lækkað sem því nam. Samsvarandi lækkun var á skuldum samstæðunnar.

Hins vegar á árinu 2019 þegar endurheimtanlegt verð var lægra en bókfært verð fasteignarinnar. Virðisrýrnun að fjárhæð 7.130,2 milljónum króna var færð vegna þessa til gjalda í rekstrarreikningi í samræmi við ákvæði laga og settra reikningsskilareglna.

Hagnaður og tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eigna á söludegi og er hluti af rekstrarhagnaði.

Vaxtagjöld og verðbætur af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna efnislegar eignir voru eignfærð á þeim tíma sem það tók að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í rekstrarreikningi. Eftir að skilgreindum byggingartíma lauk á árinu 2011 hafa öll vaxtagjöld verið gjaldfærð.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur efnislegra eigna er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

16. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir, framhald

16.9 Langtímafjáreign

Langtímafjáreign í efnahagsreikningi byggir á samningi um rekstur og starfsemi Hörpu, dagsettum þann 12. apríl 2014, milli Hörpu annars vegar og íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar hins vegar. Fjáreignin er framtíðarsjóðsflæði mánaðarlegs framlags íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar til 15. febrúar 2046 sem fært er til núvirðis með 3,55% vöxtum, sem eru sömu vextir og eru á útgefnum skuldabréfum samstæðunnar, enda er framlagið með beinum hætti tengt þeim skuldabréfum sem gefin voru út vegna fjármögnunar á byggingu Hörpu.

Langtímafjáreign er flokkuð sem langtímakrafa í efnahagsreikningi þar sem um óafturkræfan og skuldbindandi samning um opinbert framlag er að ræða. Næsta árs afborganir langtímafjáreignarinnar eru færðar meðal veltufjármuna í efnahagsreikningi

16.10 Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum samstæðunnar.

16.11 Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstandur af sjóði, óbundnum bankainnstæðum og skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en 3ja mánaða.

16.12 Hlutfé

Almennt hlutfé er flokkað sem eigið fé.

16.13 Tekjuskattur og tekjuskattsskuldbinding (tekjuskattseign)

Gjaldfærður tekjuskattur samanstandur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema vegna liða sem færðir eru í gegnum eigið fé, þá er tekjuskatturinn færður beint á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er reiknaður miðað við gildandi tekjuskattshlutfall á reikningsskiladegi. Tekjuskattur til greiðslu byggir á áætluðum sköttum sem vænt er að greiða beri til skattvirkvalda á næsta ári.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundins mismunar á milli skattverðs eigna og skulda og bókfærðs verð í ársreikningi. Frestaður tekjuskattur er metinn með því tekjuskattshlutfalli sem ætla má að verði í gildi þegar til nýtingar kemur.

Tekjuskattseign er eingöngu færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður í framtíðinni muni nýtast á móti henni.

Tekjuskattsskuldbindingu og tekjuskattseign er jafnað saman þegar það er heimilt skv. lögum og er vegna tekjuskatts sem lagður er á af sömu skattayfirvöldum.

16.14 Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar í upphafi á gangvirði, að frádregnum viðskiptakostnaði sem stofnað er til. Langtímaskuldir eru síðan færðar á afskrifuðu kostnaðarverði; mismunur, ef einhver er, á andvirðinu (að frádregnum viðskiptakostnaði) og innlausnarvirði er fært í rekstrarreikning að teknu tilliti til reglubundinnar dreifingar affalla eða yfirverðs.

Skuldir eru flokkaðar sem skammtímaskuldir nema samstæðan hafi óskilyrtan rétt til að fresta uppgjöri skuldarinnar í a.m.k. 12 mánuði eftir dagsetningu efnahagsreiknings.

16.15 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum.

16.16 Óuppgert vegna viðburða

Óuppgert vegna viðburða samanstandur af miðasölu sem greidd er til viðburðarhaldara að viðburðum loknum, innheimtum STEF gjöldum og staðfestingargjöldum vegna viðburða.

16.17 Skilgreining á lykil kennitölum

EBITDA: Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta.

Eiginfjárhlutfall: Eigið fé sem hlutfall af heildareignum.

Viðauki 3 með samningi

Stefna Hörpu 2025–2030



HARPA

Tilgangur

Harpa lætur drauma rætast

Framtíðarsýn

Harpa er ávallt á heimsmælikvarða

Áherslur

Skapandi samfélag

Vettvangur upplifana, samtals og sköpunar

Heimavöllur og heimssvið tónlistarinnar

Framtíðartækifæri gegnum nýsköpun og frumkvæði

Táknmynd gæða

Framúrskarandi þjónusta, húsnæði og tækni uppfylla kröfur
framtíðarinnar

Til fyrirmyndar í sjálfbærni

Fjárhagslega ábyrgur rekstur

Mannbætandi upplifun

Sterk og einbeitt liðsheild

Notendamiðuð starfsemi

Framþróun í gefandi samstarf

Húsið okkar allra

Opið hús og opið hjarta

Heillandi sögur sem hreyfiafl

Þjóðarstolt

Tónlistar- og ráðstefnuhús á heimsmælikvarða

Aðdráttarafl

- Lífandi listaverk
- Hjartað í borginni
- Minnisvarði um samtakamátt

Tónlist og menning

- Heimvöllur íslenskrar tónlistar
- Heimssvið fyrir alþjóðlega strauma
- Fast aðsetur lykilstofnanna í tónlist
- Vettvangur grasrótar og frumsköpunar

Ráðstefnur og fundir

- Einstök umgjörð fyrir faglega þekkingarmiðlun
- Framúrskarandi aðstaða og staðsetning
- Sveigjanleg rými, hágæða þjónusta og tækni
- Eftirsóttur vettvangur fyrir alþjóðlega viðburði

Borgartorg

- Samkomustaður fyrir þjóðina
- Áfangastaður í miðborg Reykjavíkur
- Innblástur, upplifun, uppgötvun og fræðsla
- Hluti af lífandi, skapandi og sjálfbærri framtíð Íslands



Framtíðarsýn

Harpa er ávallt á heimsmælikvarða

Til að vera á heimsmælikvarða þarf Harpa að vera framúrskarandi í hlutverki sínu sem er skilgreint í eigendastefnu íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar fyrir húsið.

Hlutverkið felst í að vera heimili íslenskrar tónlistar, lifandi listaverk og samkomustaður þjóðar og erlendra gesta í hjarta Reykjavíkur.

Harpa stendur fyrir menningu, þekkingarmiðlun og nýsköpun - jafnt á heimavelli sem á heimssviðinu og hún rúmar allt litróf mannlífsins.

Hún skapar með starfsemi sinni menningarleg, efnahagsleg og samfélagsleg verðmæti.

Harpa er stolt Íslendinga því hún tengir hún okkur saman, opnar nýja möguleika og færir okkur nær draumum okkar.

Hún fyllir okkur bjartsýni.

Enda sýnir hún hvað við getum gert þegar við stöndum saman og veitir innblástur til að virkja tækifærin sem við eigum í framtíðinni

Tilgangur

Harpa lætur drauma rætast

Harpa lætur drauma rætast

Hvort sem fólk heldur viðburði, mætir á viðburði eða skoðar sig um í húsinu eru þetta þættir sem láta Hörpu verða fyrir valinu.

	Skapandi samfélag	Táknmynd gæða	Mannbætandi upplifun	Húsið okkar allra
Viðburðahaldarar	Halda viðburð sem fer fram úr væntingum	Nýta sér traustið sem fylgir gæðastimpli hússins	Gefa af sér til gesta og samstarfsfólks	Nýta sér sýnileika og aðgengi hússins til að laða að fólk
Gestir á viðburði	Sjá viðburð sem hefur vakið forvitni þeirra	Tryggja sér meiri upplifun og fara í betri skóna	Styrkja sig sjálf og tengsl við annað fólk með góðum minningum	Upplifa að tilheyra og vera velkomin í Hörpu
Gestir í húsinu	Leita að innblæstri um samfélag og menningu	Virða fyrir sér og kynnast listaverkinu Hörpu	Auðga andann í lifandi umhverfi	Sýnileiki Hörpu laðar þau að og það er enginn vafi um að öll séu velkomin
Starfsfólk	Geta haft jákvæð áhrif á samfélagið	Rækta hæfileikana á metnaðarfullum vinnustað	Vera hluti af sterku teymi og eiga góð samskipti við gesti og samstarfsfólk	Finnst þau velkomin og að vinnan þeirra skipti máli í stærra samhengi
Eigendur	Auka sjálfbæra verðmætasköpun	Efla samkeppnishæfni og stolt	Næra velsæld í samfélaginu	Styrkja tengsl og samstöðu

Tilgangur

Harpa lætur drauma rætast

Til að halda áfram að láta drauma rætast hverfist stefna
Hörpu í kringum fjórar áherslur

Þær eru

Skapandi samfélag

Táknmynd gæða

Mannbættandi upplifun

Húsið okkar allra



Skapandi samfélag

Harpa stuðlar með starfsemi sinni að lifandi, skapandi og sjálfbærri framtíð Íslands. Við beitum nýsköpun og frumkvæði til að uppfylla á hverjum tíma kröfur um gæðadagskrá og aðgengi, faglega viðburði og framúrskarandi lausnir sem auðga líf gesta hússins og samfélagið í heild.

Hvað þýðir það?

Vettvangur upplifana, samtals og sköpunar

Heimavöllur og heimssvið tónlistarinnar

Framtíðartækifæri gegnum nýsköpun og frumkvæði

Styður eftirfarandi heimsmarkmið:



Táknmynd gæða

Harpa er fyrirmynd þegar kemur að gæðum, sjálfbærni og upplifun. Einstakt listaverk og áfangastaður með framúrskarandi aðstöðu og þjónustu sem laðar til sín það besta í tónlist, ráðstefnum og viðburðum - jafnt á heimavelli sem heimssviði.

Hvað þýðir það?

Framúrskarandi þjónusta, húsnæði og tækni uppfylla kröfur framtíðarinnar

Til fyrirmyndar í sjálfbærni

Fjárhagslega ábyrgur rekstur

Styður eftirfarandi heimsmarkmið:



Mannbætandi upplifun

Harpa leggur rækt við menningu sem skapar sterk, jákvæð og varanleg tengsl. Það er eftirsóknarvert að koma í húsið – sækja þangað innblástur og halda viðburði sem skapa góðar minningar. Starfsfólk nýtur sín í metnaðarfullu og nærandi umhverfi þar sem markmiðið er að láta drauma rætast.

Hvað þýðir það?

Sterk og einbeitt liðsheild

Notendamiðuð starfsemi

Framþróun í gefandi samstarf

Styður eftirfarandi heimsmarkmið:



Húsið okkar allra

Harpa er sameign okkar allra, virkur þátttakandi í samfélaginu og samkomustaður þjóðarinnar í hjarta höfuðborgarinnar. Eigendur eru stoltir af því hvernig Harpa rækir hlutverk sitt sem opið og lifandi hús sem tekur vel á móti öllum.

Hvað þýðir það?

Opið hús og opið hjarta

Heillandi sögur sem hreyfiafl

Þjóðarstolt

Styður eftirfarandi heimsmarkmið:



Tilgangur

Harpa lætur drauma rætast

Framtíðarsýn

Harpa er ávallt á heimsmælikvarða

Áherslur

Skapandi samfélag

Vettvangur upplifana, samtals og sköpunar

Heimavöllur og heimssvið tónlistarinnar

Framtíðartækifæri gegnum nýsköpun og frumkvæði

Táknmynd gæða

Framúrskarandi þjónusta, húsnæði og tækni uppfylla kröfur
fram tíðarinnar

Til fyrirmyndar í sjálfbærni

Fjárhagslega ábyrgur rekstur

Mannbætandi upplifun

Sterk og einbeitt liðsheild

Notendamiðuð starfsemi

Framþróun í gefandi samstarf

Húsið okkar allra

Opið hús og opið hjarta

Heillandi sögur sem hreyfiafl

Þjóðarstolt



Viðauki 4

með samningi.



Árs- og sjálfbærniskýrsla Hörpu 2024

Árið 2024

Ársreikningar 2024 — Lykiltölur — Skattaspor —
UFS tilvísunartafla

Stjórn og skipulag

Stjórn — Undirnefndir — Framkvæmdastjórn
— Skipurit — Mannauður

Starfsemin

Viðburðir — Eigin dagskrárgerð — Fjölskyldudag-
skrá — Íbúar — Rekstraraðilar — Markaðsmál

Samfélagsábyrgð og sjálfbærni

Harpa og samfélagið — Mikilvægisgreining og
hagaðilar — Umhverfið

Árs- og sjálfbærniskýrsla Hörpu 2024

Fyrir rekstur og starfsemi **Hörpu – tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf.** sem er í eigu íslenska ríkisins (54%) og Reykjavíkurborgar (46%) gildir eftirfarandi

E I G E N D A S T E F N A

1. Hlutverk Hörpu

Hlutverk Hörpu er að vera vettvangur fyrir tónlistar- og menningarlíf sem og hvers konar ráðstefnur, fundi og samkomur, innlendar og erlendar.

Hlutverk hússins er jafnframt að vera miðstöð mannlífs fyrir alla landsmenn í miðborg Reykjavíkur og áfangastaður ferðamanna innlendra og erlendra sem vilja kynna sér bygginguna, þjónustu í henni og arkitektúr og listaverk í húsinu.

2. Markmið eigenda

Markmið ríkis og Reykjavíkurborgar með byggingu og rekstri tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu er að efla íslenskt tónlistar- og menningarlíf, styrkja stöðu Íslands á sviði ráðstefnuhalds og ferðaþjónustu og stuðla að öflugu mannlífi í miðborginni.

Markmiðin rækir félagið einkum með því að leigja út sali og rými til tónlistarviðburða, ráðstefnuhalds og funda og tengdrar starfsemi á samkeppnishæfu verði, með því að standa fyrir samstarfsverkefnum og eigin verkefnum eftir því sem rekstur félagsins leyfir, með því að skipuleggja aðra starfsemi í húsinu s.s. veitingarekstur og verslun, til að laða að gesti og gangandi, og með því að standa opið ferðamönnum, innlendum sem erlendum, árið um kring.


Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur fast aðsetur í Hörpu fyrir starfsemi sína og greiðir sanngjarna leigu fyrir aðstöðuna. Um rekstur hljómsveitarinnar fer eftir lögum nr. 36/1982 um Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Íslenska óperan hefur jafnframt aðsetur í Hörpu fyrir starfsemi sína og greiðir sanngjarna leigu fyrir aðstöðuna.

3. Fjárhags- og rekstrarleg markmið

Rekstur tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu skal standa undir sér þannig að ekki þurfi að koma til frekari opinberra framlaga en kveðið er á um í verkefnissamningi eigenda (núgildandi Project Agreement frá 19. janúar 2010) að teknu tilliti til viðbótarframlaga eigenda í tengslum við gerð þessarar eigendastefnu 2012.

Tryggja skal hagkvæma nýtingu þeirra fjármuna sem lagðir hafa verið í verkefnið á undanförunum árum með skilvirkri og markvissri fjármálastjórn þannig að reksturinn verði innan þess fjárhagsramma sem starfseminni hefur verið markaður í samningum félagsins. Miða skal að



því að reksturinn verði fjárhagslega stöðugur til skemmri og lengri tíma litið og skili framlegð sem er ásættanleg þegar tekið er mið af starfsemi og verkefnissamningi.

4. Stjórn og skipulag

Stjórn og stjórnendum Hörpu - tónlistar- og ráðstefnuhúss ber að gæta hagsmuna hússins í hvívetna.

Stjórn félagsins starfar eftir þeim lögum og reglum sem gilda um opinber hlutafélög, er sjálfstæð í störfum sínum og ber ábyrgð á starfsemi og rekstri félagsins gagnvart eigendum sínum. Hún hefur fyrir hönd eigenda sjálfstæða eftirlitsskyldu með rekstri og starfsemi félagsins.

Stjórn félagsins skal hafa yfirsýn yfir starfsemina og veita stjórnendum eðlilegt aðhald. Stjórnin ber ábyrgð á að félagið starfi í samræmi við eigendastefnu, starfsreglur fyrir stjórn, fyrirliggjandi samninga og árangursviðmið eigenda.

Forstjóri félagsins er ráðinn af stjórn og ber ábyrgð á störfum sínum gagnvart henni.

5. Stjórnarhættir

Eigendur Hörpu - tónlistar- og ráðstefnuhúss bera upp mál er varða félagið á formlegum fundum eigendanefndar (hluthafafundum) sem fer með æðsta vald í málefnum félagsins.

Ábyrgðarskil milli eigenda og stjórnar félagsins byggjast á ákvæðum í þessari eigendastefnu, verklagsreglum eigendanefndar, starfsreglum fyrir stjórn og almennt viðurkenndum reglum um starfsemi sjálfstæðra félaga.

Eigendur setja verklagsreglur um störf eigendanefndar m.a. varðandi val fulltrúa í stjórn félagsins. Kappkosta skal að velja stjórnarmenn með reynslu, tengsl og innsýn sem hæfir starfsemi tónlistar- og ráðstefnuhúss. Þeir skulu hafa fjölbreytta menntun og víðtæka og haldgóða þekkingu og reynslu af stjórnsýslu, rekstri, ferðaþjónustu, ráðstefnuhaldi og tónlistar- og -menningartengdri starfsemi. Huga skal að jafnréttissjónarmiðum og þess sé gætt að störf í stjórninni valdi ekki hagsmunaárekstrum við önnur störf.

6. Stefnumörkun og framtíðarsýn

Stjórn félagsins hefur forystu um að móta stefnu fyrir húsið og setja félaginu markmið í samræmi við þessa eigendastefnu. Til fyllingar áherslum sem fram koma í eigendastefnunni skal félagið setja sér skýr og metnaðarfull markmið í rekstri.

7. Starfshættir og vinnulag

Auglýsa skal laus störf í félaginu og stjórnendur og starfsfólk skal ráðið til starfa á grundvelli hæfni. Félagið skal setja sér hóflega en samkeppnishæfa starfskjarastefnu.

Félagið skal leitast við að auka fjölbreytileika og draga úr fákeppni á starfssviði sínu. Það skal stunda vistvæn innkaup ef kostur er og haga þeim á sem hagkvæmastan hátt. Félagið setji sér skýrar og einfaldar reglur um innkaup í samræmi við stefnumörkun ríkis og Reykjavíkurborgar á þessu sviði.

Gæta skal jafnræðis og gagnsæis við sölu eða ráðstöfun á eignum félagsins.

8. Samskipti og upplýsingar til eigenda

Stjórn Hörpu – tónlistar- og ráðstefnuhúss skal kynna eigendanefnd stefnumörkun stjórnar. Árlega skal leggja fyrir eigendanefnd til kynningar áætlun um rekstur og starfsemi félagsins. Félagið skal a.m.k. tvisvar á ári kynna tengiliðum úr stjórnarsýslunni sem eigendur tilnefna til ábyrgðar gagnvart félaginu árs hlutareikning og fjárhagslega stöðu.

Félagið skal leita samþykkis eigenda um meiri háttar fjárfestingar og meiriháttar lántökur, sem og um starfsemi á nýju sviði, stofnun nýrra félaga og skuldbindandi langtímasamninga sem ekki teljast eðlilegur hluti af daglegum rekstri félagsins.

Fari nýfjárfesting eða aðrar fjárhagslegar skuldbindingar yfir 20% af áætluðum árlegum reglubundnum tekjum skal fara fram áhættugreining sérfróðs og hlutlauss aðila. Leggja skal niðurstöðuna fyrir eigendur.

9. Birting upplýsinga til almennings


Eigendastefnan skal vera aðgengileg almenningi og fjölmiðlum og birt á vefsíðum félagsins og eigenda þess.

Félagið skal miðla framtíðarsýn sinni, stefnumörkun og árangri á vefsíðu sinni eða með öðrum opinberum hætti.

Um birtingu annarra upplýsinga fer eftir lögum og reglum um opinber hlutafélög og rekstur félagsins.

10. Breytingar á eigendastefnu

Eigendastefnunni verður ekki breytt nema með samþykki eigenda á eigendafundi (hluthafafundi).

u

Hönnuð: Hákinn S. Hákinnsson
Katrín Jónsdóttir
Einar Ben Dittmar

VERKLAGSREGLUR

eigendanefndar Hörpu – tónlistar- og ráðstefnuhús ohf.

1. Skipan eigendanefndar

Eigendanefnd er sex manna og þannig skipuð:

Frá ríkinu: Fjármála- og efnahagsráðherra, mennta- og menningarmálaráðherra og utanríkisráðherra eða sérstakir fulltrúar þeirra.

Frá Reykjavíkurborg: Borgarstjóri, formaður borgarráðs og formaður menningar- og ferðamálaráðs eða sérstakir fulltrúar þeirra.

2. Hlutverk eigendanefndar

Meginhlutverk eigendanefndar er að samræma sjónarmið ríkis og Reykjavíkurborgar um málefni sem tengjast eignarhaldi þessara aðila á Hörpu – tónlistar- og ráðstefnuhúsi ohf.

Önnur helstu hlutverk eigendanefndar eru:

- ✓ að fjalla um eigendastefnu Hörpu ohf., þar sem hlutverk hússins er skilgreint og leggja til breytingar á henni ef ástæða þykir til
- ✓ að fjalla um og leggja til skipan stjórnar á grundvelli þeirra krafna sem fram koma í eigendastefnu félagsins
- ✓ að fjalla um og leggja til sameiginlega skipun stjórnarformanns félagsins á grundvelli sömu skilyrða og stjórnarmanna
- ✓ að skýra og viðhalda ábyrgðarskilum milli eigenda, stjórnar og forstjóra Hörpu
- ✓ að leggja áherslu á góða stjórnunar- og starfshætti, gagnsæi og ábyrgð í störfum stjórnar og forstjóra
- ✓ að kveða á um samskipti stjórnar við eigendanefnd og fulltrúa eigenda milli aðalfunda Hörpu
- ✓ að fylgja eftir fjárhagslegum og rekstrarlegum markmiðum Hörpu milli aðalfunda Hörpu



- ✓ að eigendur sé upplýstir um það sem verulegu máli er talið skipta í rekstri og stjórnun félagsins

3. Fundir eigendanefndar

Eigendanefnd skal funda svo oft sem ástæða þykir til og ákveðið er á fundum nefndarinnar. Nefndin skal einnig koma saman krefjist einhver úr eigendanefndinni fundar í nefndinni. Fundur skal boðaður með viku fyrirvara hið skemmsta nema aðilar samþykki skemmri fyrirvara.

Fundir nefndarinnar skulu vera vettvangur eigenda til skoðanaskipta um öll mál er snúa að sameiginlegu eignarhaldi ríkis og borgar á Hörpu – tónlistar- og ráðstefnuhúsi ohf., og þeim málefnum sem falla undir hlutverk eigendanefndarinnar eins og þau eru upp talin í 2. gr. verklagsreglum þessum.

Óski einhver í eigendanefndinni eftir að nefndin fundi sérstaklega um tiltekin mál skal hann senda öðrum nefndarmönnum skriflega ósk um slíkan fund þar sem lagður er til ákveðinn tími til fundarins ásamt því að gerð er grein fyrir þeim málefnum sem hann óskar eftir að verði á dagskrá fundarins.

Auk funda sem sérstaklega er óskað eftir af hálfu nefndarmanna skal eigendanefndin ávallt halda tvo fasta fundi, annan a.m.k. mánuði fyrir aðalfund Hörpu að vori og hinn vegna gerð fjárhagsáætlunar að hausti. Á þessum fundum hafa eigendur kost á því að fjalla um og skiptast á skoðunum um afkomu félagsins, samskipti eigenda, skipun stjórnar, ákvörðun stjórnarlauna, tillögur stjórnar um starfskjarasetnum, tillögur til breytinga á eigendastefnu félagsins og öll önnur mál sem eigendur vilja sérstaklega ræða fyrir aðalfund Hörpu.

Dagskrá og boðun funda eigendanefndar skal undirbúin af fulltrúum eigenda og stjórnendum Hörpu verði þess óskað.

Halda skal fundargerð um helstu efni funda í nefndinni og niðurstöður þeirra.

Á hluthafafundum Hörpu ohf. fara fjármála- og efnahagsráðherra og borgarstjóri með atkvæði eigenda.

Reykjavík, 23. maí 2014

þinn lausnir þu ert
Höðfjallur
Ólafur Þórðarson
Habkuni Sotun

Magnúsdóttir

MINNISBLAÐ

Til: Brynja Stephanie Swan, Ketill Einarsson, Kristjana Torfadóttir, Íris Ísberg

Frá: Svanhildi Konráðsdóttur forstjóra Hörpu ohf.

Dagsetning: 24. febrúar 2025

Efni: Stuðningur eigenda við Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhús ohf. – fyrirhugaður 5 ára samningur.

Inngangur

Í minnisblaði þessu er gerð grein fyrir helstu atriðum er varða starfsemi og rekstur Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. í samhengi við áform um 5 ára endurnýjanlegan samning um rekstrarframlög eigenda félagsins sem eru íslenska ríkið (54%) og Reykjavíkurborg (46%). Minnisblaðið er lagt fram í kjölfar ráðgefandi fundar aðila dags 17. febrúar sl.

Framlög eigenda vegna Hörpu

Rekstrarforsendur Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. hafa frá upphafi kallað á aðkomu eigenda félagsins. Allt frá árinu 2013 hafa íslenska ríkið (54%) og Reykjavíkurborg (46%) lagt Hörpu til rekstrarframlag og hefur það verið forsenda þess að rekstur félagsins gangi. Framlögin hafa numið 600 m.kr. á ári sl. tvö ár og eru óbreytt að krónutölu árið 2025. Framlögin hafa því rýrnað að raunvirði á þessu árabili.

Skýringarnar á hinum háa kostnaði við rekstur Hörpu eru meðal annars há fasteignagjöld (351 m.kr. árið 2025), kostnaðarsamt viðhald fasteignarinnar sem er sannkallað listaverk, og síðast en ekki síst vegna ákvæða í eigendastefnu sem kveður á um víðtækt menningar- og samfélagslegt hlutverk hússins í þágu almennings.

Eigendur greiða jafnframt upp stofnkostnað hússins sem var endurfjármagnaður með útgáfu skuldabréfs og er án uppgreiðsluheimildar. Upphafsgreiðsla var í mars 2011 og lýkur greiðslum árið 2046. Þessar afborganir fara í gegnum greiðslumiðlunina Hring ehf (dótturfélag Hörpu) og koma ekki til niðurgreiðslu á rekstrarkostnaði Hörpu.

Ofangreind framlög hafa verið tilgreind í ársskýrslum stjórnvalda til Eftirlitsstofnunar ESA.

Metnaðarfull stefna 2025 – 2030

Stefna Hörpu var uppfærð á síðasta ári með þátttöku fulltrúa helstu haghafa eða á annað hundrað manns. Ný stefna gildir frá 2025 – 2030 og miðar sem fyrr að því að Harpa sé ávallt á heims mælikvarða og gegni því hlutverki að skapa efnahagsleg, menningarleg og samfélagsleg verðmæti fyrir eigendur sína. Stefnumarkandi áherslur og skýr markmiðasetning fela í sér aukna

áherslu á sjálfbærni á öllum sviðum og eru þær eftirfarandi: Skapandi samfélag, táknmynd gæða, mannbætandi upplifun og húsið okkar allra.

Ábyrgð og gegnsæi í rekstri

Þrátt fyrir jákvæða þróun í rekstri Hörpu á síðustu árum er fyrirsjáanlegt að framlög eigenda eru og verða áfram nauðsynleg. Sú staðreynd að reksturinn yrði ekki sjálfbær lá til grundvallar lokaákvörðunar í máli Eftirlitsstofnunarinnar no. 73630 11. desember 2013 sem felur í sér heimild eigenda til að leggja Hörpu til rekstrarstyrk um ókomin ár með tilteknum skilyrðum.

Árið 2024 námu tekjur af starfsemi Hörpu 1.859 m.kr. Heildartekjur með framlögum eigenda námu því samtals 2.491 m.kr. Rekstrargjöld samstæðunnar námu alls 2.191 m.kr.

Tap að fjárhæð 13,8 m.kr. varð af heildarstarfsemi samstæðunnar á árinu að teknu tilliti til tekjuskatts, afskrifta (431 m.kr.) og fjármagnsliða samanborið við 65,4 m.kr. tap á árinu 2023.

Eigendanefnd Hörpu, sem skipuð er þremur fulltrúum frá hvorum eiganda, fær reglulega upplýsingar um rekstur Hörpu og áætlanir félagsins til 5 ára. Fulltrúar eigenda hafa jafnframt fengið kynningu á starfsþáttagreiningu sem uppfærð var á sl. ári og leiðir glögggt í ljós afkomu ólíkra þátta í starfsemi Hörpu. Auk þess að vera gott stjórnþæki tryggir greiningin gott eftirlit með því að framlög eigenda séu ekki að niðurgreiða samkeppnisrekstur s.s. ráðstefnuhald eða útleigu til rekstrarleyfishafa.

Framlög eigenda hafa frá árinu 2017 verið ákveðin árlega af alþingi með afgreiðslu fjárlaga og samþykkt borgarstjórnar á fjárhagsáætlun. Hingað til hefur því ríkt óvissa á hverju ári um framlög komandi árs sem hefur ógnað rekstraröryggi Hörpu og gert allar langtímaáætlanir ótryggar.

Langtímasamningur um framlög

Í ljósi þessa og á grundvelli starfsþáttagreiningarinnar var ákveðið að hefja undirbúning að gerð langtímasamnings um rekstrarframlög eigenda til Hörpu. Stjórnendur Hörpu vinna með fulltrúum úr eigendanefnd – tveimur frá ríkinu og tveimur frá Reykjavíkurborg – að útfærslu samnings. Megin markmiðin eru eftirfarandi:

- Tryggja **rekstrarhæfi til framtíðar** og ábyrga nýtingu fjármuna.
- Auka **fyrirsjáanleika** og möguleika á langtímaáætlunum.
- Tryggja nauðsynlegt **viðhald og fjárfestingar** í fasteign og búnaði.
- Uppfylla **menningarhlutverkið í eigendastefnu**.
- Setja sameiginleg markmið um **samfélagslegt hlutverk**.

Miðað er við að gera 5 ára samning í senn á grundvelli núverandi framlaga sem myndu breytast í takti við vísitölu og tæki gildi 2026. Raunhækkun framlaga yrði því vel innan þeirra 20% marka sem niðurstaðan frá árinu 2013 kvað á um að þyrfti að tilkynna sérstaklega.



Viðtakandi	Svanhildur Konráðsdóttir, forstjóri Hörpu.	Dagsetning	20. maí 2025
Sendandi	Brynja Stephanie Swan, lögfræðingur á skrifstofu viðskipta og markaða	Málsnúmer	ATRN25050101
		Tilgangur	Til upplýsingar

Langtímasamningur við Hörpu um rekstrarframlag – óformlegt mat ESA

Forsaga

Með tölvupósti dags. 22. janúar 2025, var óskað eftir minnisblaði frá menningar- og viðskiptaráðuneytinu um helstu ríkisstyrkjareglur sem gætu átt við í tengslum við væntanlegan langtímasamning við Hörpu um rekstrarframlag ásamt upplýsingum um hvað þyrfti að hafa í huga við gerð samningsins. Umbeðið minnisblað m.t.t. ríkisstyrkjareglna og tilkynninga til Eftirlitsstofnunar EFTA (hér eftir ESA), var sent með tölvupósti dags. 27. janúar 2025.

Ákvörðun ESA nr. 496/13/COL

Í kjölfar þess að minnisblaðið var sent áttu fulltrúar Hörpu ásamt fulltrúa menningar- og viðskiptaráðuneytisins, óformleg samtöl við ESA, um næstu skref varðandi það sem þyrfti að hafa í huga m.t.t. ríkisstyrkjareglnanna við gerð væntanlegan langtímasamnings og í tengslum við tilkynningar til ESA.

Í þeim samskiptum vöknudú vangveltur um hvort að langtímasamningur um rekstrarframlag til Hörpu gæti mögulega rúmast innan ákvörðunar ESA nr. 496/13/COL.

Forsaga þeirra ákvörðunar má rekja til kvörtunar sem barst ESA þann 19. desember 2011, vegna meintrar niðurgreiðslu íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar á ráðstefnuhaldi og veitingaþjónustu í Hörpu.

Eftir formlega rannsókn ESA á hugsanlegri ríkisaðstoð, komst ESA að þeirri niðurstöðu, að fjármögnun Hörpu teldist ríkisaðstoð sem væri samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins í skilningi c-liðar 3. mgr. 61. gr. EES samningsins sbr. ákvörðun ESA nr. 496/13/COL. Samkvæmt lok ákvörðunar, eru íslensk stjórnvöld minnt á að tilkynna skuli til ESA öll áform um breytingar á fjármögnun Hörpu, m.a. allar hækkanir á styrkjum frá ríki og Reykjavíkurborg sem eru meira en 20%.

Með tölvupósti dags. 25. febrúar 2025, sendi menningar- og viðskiptaráðuneytið skv. beiðni ESA, minnisblað dags. 24. febrúar 2025, sem tekið var saman af Svanhildi Konráðsdóttur, forstjóra Hörpu. Samkvæmt inngangi minnisblaðsins er þar „gerð grein fyrir helstu atriðum er varða starfsemi og rekstur Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. í samhengi við áform um 5 ára endurnýjanlegan samning um rekstrarframlög eigenda félagsins sem eru íslenska ríkið (54%) og Reykjavíkurborg (46%).“ Þá kom fram að minnisblaðið væri lagt fram í kjölfar ráðgefandi fundar aðila dags 17. febrúar 2025.

Tilgangurinn með sendingu minnisblaðsins var að fá óformlegt mat ESA á því hvort að fyrirhugaður samningur um rekstrarframlag gæti rúmast innan ákvörðunar ESA nr. 496/13/COL.

Lokaorð

Samkvæmt meðfylgjandi tölvupósti ESA, dags. 3. mars 2025, kom fram að með vísan til þess sem fram hafði komið í óformlegu samskiptum fulltrúa Hörpu og menningar- og viðskiptaráðuneytisins, sem og til þess sem fram kom í minnisblaði frá forstjóra Hörpu frá því í lok febrúar 2025, að það virtist sem að umrædd áform um langtímasamning myndu rúmast innan þess svigrúms sem ákvörðun ESA frá 2013 fæli í sér.